



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kynlegar sögur í skólastarfi

Kennsluleiðbeiningar með bókunum *KynVera* og *Daði*

Edda Rún Guðmundsdóttir og Rannveig Klara Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Júní 2023

DEILD FAGGREINAKENNSLU

Kynlegar sögur í skólastarfi

Kennsluleiðbeiningar með bókunum *KynVera* og *Daði*

Edda Rún Guðmundsdóttir og Rannveig Klara Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku

Leiðbeinandi: Helga Birgisdóttir, aðjúnt

Deild faggreinakennslu

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

Kynlegar sögur í skólastarfi – Kennsluleiðbeiningar með bókunum *KynVera* og *Daði*

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennslu með áherslu á íslensku við Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2023 Edda Rún Guðmundsdóttir og Rannveig Klara Guðmundsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Ágrip

Þessi greinargerð og kennsluleiðbeiningar eru lagðar fram sem lokaverkefni til B.ed.-prófs við Deild faggreinakennslu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Lokaverkefnið er unnið í tengslum við unglingsbækurnar *KynVera* (2018) og *Daði* (2019) en bækurnar fjalla m.a. um kynþroska, tilfinningar og kynlíf út frá sjónarhorni bæði stelpu og stráks. Markmið þessa verkefnis er fyrst og fremst að varpa ljósi á ávinning þess að samþætta bókmenntakennslu og kynfræðslu fyrir nemendur á unglingsstigi með áhugahvetjandi bókmenntum. Verkefnið skiptist í greinargerð og kennsluleiðbeiningar. Greinargerðin skiptist í þrjár ítarlegar umfjallanir um söguþráð bókanna, unglingsbókmenntir og kynfræðslu en þessar umfjallanir eiga að renna stoðum undir mikilvægi kennsluleiðbeininganna. Kennsluleiðbeiningarnar eru ætlaðar nemendum í efstu bekkjum grunnskóla og eru hugsaðar sem leiðarvísir og hugmyndabanki fyrir þá kennara sem hafa hug á að samþætta bókmenntakennslu og kynfræðslu. Tilgangur þeirra er að opna augu kennara fyrir þeim óþrjótandi möguleikum sem felast í bókmenntakennslu, kynfræðslu og samþættingu þessara tveggja greina.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Unglingabækurnar KynVera og Daði	8
2.1. KynVera	9
2.2. Daði	9
3. Unglingar og unglingsbókmenntir	11
3.1. Barna- og unglingsbókmenntir	11
3.2. Áhugahvetjandi lestur og falin skilaboð í bókmenntum	13
3.3. Bókmenntakennsla	15
4. Kynfræðsla fyrir unglings	18
4.1. Námsefni og rannsóknir í kynfræðslu	20
4.2. Kynfræðsla í gegnum bókmenntir	22
5. Lokaorð	24
6. Kennsluleiðbeiningar	25
6.1. Undirbúningur kennara	26
6.2. Bókarkveikja	26
6.3. Lestur bóka	27
6.4. Hæfniviðmið	27
6.5. Útfærslur	30
6.6. Þemu	33
Kynlíf	33
Kynfæri	38
Kynhneigð	42
Blæðingar	46
Sjálfsfróun	51
Mörk	56
Getnaðarvarnir og kynsjúkdómar	61
Sambönd	65
Heimildaskrá	69

Formáli

Þetta verkefni er afrakstur góðs samstarfs og vinskapar okkar tveggja og hefði aldrei orðið að veruleika án aðstoðar frá því yndislega fólki sem stendur okkur nærri. Við þökkum fjölskyldum okkar og vinum fyrir þolinmæði, stuðning og hvatningu við gerð þessa lokaverkefnis. Fyrst og fremst viljum við þó þakka leiðbeinanda okkar, Helgu Birgisdóttur, fyrir gagnlegar, greinargóðar og mikilvægar ábendingar á meðan ritunarferli stóð. Þökkum við henni sérstaklega fyrir ómetanlegan stuðning og hvatningu þegar mest á þurfti.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](http://www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur) (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur). Við höfum gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendi í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun okkar á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, 5. maí, 2023

Edda Rún Guðmundsdóttir

Rannveig Klara Guðmundsdóttir

1. Inngangur

Unglingar eru oft áhrifagjarnir og forvitnir og er það í höndum þeirra sem eru eldri og reyndari að beina forvitni þeirra í rétta átt. Skólarnir spila þar stórt hlutverk en líkt og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla er hlutverk skólanna að stuðla að alhliða þroska og velferð nemenda sinna og haga starfi sínu í samræmi við stöðu og þarfir þeirra (Mennta-og menningarmálaráðuneytið, 2011). Hluti af því að stuðla að alhliða þroska nemenda er að leiða þau í átt að velferð, passa að þau fái menntun sem gagnast þeim og móta þau sem einstaklinga sem eru reiðubúnir í þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Bókmenntakennsla getur verið ríkur þáttur í þessu kennslu- og þroskaferli.

Bókmenntakennsla hefur lengi reynst kennurum vel til þess að stuðla að auknum vitsmunabroska nemenda. Bóklestur þroskar tilfinningar þeirra, gefur þeim tækifæri til að samsama sig við sögupersónur og eykur ímyndunarafl þeirra. Bókmenntakennsla gefur kennurum tækifæri til að ræða við nemendur um mikilvægar tilfinningar og ýmis málefni sem snerta okkur öll. Í sögum geta lesendur fundið sér fyrirmyndir í persónum, kynnst góðum fordæmum en einnig að átta sig á hlutum sem þeim ber að varast. Sögur eru líka góðar að því leyti að þær geta veitt lesendum fjölbreytta fræðslu um ýmislegt sem þeir sjálfir hafa ekki upplifað eða hafa ekki enn fengið fræðslu um. Til þess að lesendur hafi bæði gagn og gaman af bókmenntum þurfa þær að vekja áhuga þeirra. Oft og tíðum eru þær bækur sem nýttar eru í bókmenntakennslu í skólum orðnar það úreltar að þær vekja ekki áhuga hjá unglingum samtímans (Þuríður J. Jóhannsdóttir, 1992).

Ástæðan fyrir því að bókmenntirnar vekja ekki áhuga er að umfjöllunarefnið eru gamaldags, sem gerir það að verkum að unglingarnir eiga erfiðara með að setja sig í spor persóna, sem kemur í veg fyrir áhuga á áframhaldandi lestri (Birgitta Elín Hassell, 2011). Þar koma unglingabækurnar sterkt inn. Unglingabækur hafa nefnilega alltaf veitt lesendum, eðli málsins samkvæmt, innsýn inn í líf unglunga. Í gegnum sjónarhorn unglings fær lesandi upplýsingar um líf, störf, ástir og átök unglunga. Í unglingabókum er oftast hægt að lesa um vandamál í tengslum við t.a.m. sjálfsmyndir, samskipti við aðra, skólann og vitaskuld málefni sem tengjast ástinni (Þuríður J. Jóhannsdóttir, 1992).

Viðfangsefni þessarar greinargerðar snýr að unglingabókum og kynfræðslu, nánar tiltekið unglingabókunum *KynVeru (2018)* og *Daða (2019)* eftir Sigríði Dögg Arnardóttur, eða Siggu Dögg, sem báðar eru skáldsögur en á sama tíma fræðslubækur á sinn hátt. Athyglin í þessari greinargerð beinist að því hvernig hægt er, með árangursríkum hætti, að samþætta bókmenntakennslu og kynfræðslu með því að styðjast við áhugahvetjandi bókmenntir. Ástæða þess að þessi samþætting varð fyrir valinu í þessu verkefni er tilkomin vegna vöntunar á góðu kennsluefni í kynfræðslu. Ungt fólk er forvitið og þarf því á vandaðri og markvissri

kynfræðslu og ráðgjöf að halda. Kynfræðsla er gífurlega mikilvæg, ekki einungis til þess að kenna börnum og unglingum um kynheilbrigði heldur einnig til að gera börnum og unglingum ljóst að það sem sést m.a. í klámi á sér ekki endilega stoð í raunveruleikanum. Í þessari greinargerð verða bækurnar *KynVera* og *Daði* til umfjöllunar og þær teknar sem dæmi um kosti slíkrar samþættingar þar sem þær fjalla m.a. um allt sem tengist því að vera unglingur, kynproska, kynhvöt og kynlífi svo fátt eitt sé nefnt. Bækurnar eru sagðar út frá sjónarhorni bæði stelpu og stráks, en persónur í bókunum eru fjölbreyttar og sumar hverjar skilgreina sig sem hinsegin. Því ætti tvíhyggja kynjakerfisins ekki að koma í veg fyrir lestur hjá neinum þar sem auðveldlega er hægt að samsama sig við einhverja persónu í báðum bókum.

Markmið þessa verkefnis er fyrst og fremst að sýna fram á ávinning þess að samþætta bókmenntakennslu og kynfræðslu fyrir nemendur á unglingastigi. Verkefnið skiptist að efninu til í tvennt: Fræðilega greinargerð og kennsluleiðbeiningar. Greinargerðin skiptist í þrjá hluta en í fyrsta hluta er farið yfir söguþráð beggja bóka. Annar hluti hennar er fræðilegt yfirlit þar sem athyglinni er beint að unglingabókum, tilvist þeirra og sögu, hvernig þær eru nýttar í kennslu og skort á umfjöllun um þær í Aðalnámskrá. Þriðji og síðasti hlutinn fjallar um kynfræðslu, skilgreiningu á henni, áhrif hennar á ungt fólk og umfang hennar í skólum og Aðalnámskrá. Síðast en ekki síst eru það kennsluleiðbeiningar þessa lokaverkefnis sem byggðar eru á bókunum *KynVera* og *Daði* og miða að því að veita kennurum leiðbeiningar hvernig hægt er að samþætta lestur bókanna við kynfræðslu. Meginmarkmið kennsluleiðbeininganna er að auka áhuga á lestri með viðeigandi og áhugahvetjandi lesefni en einnig að opna á umræður varðandi allt sem viðkemur kynheilbrigði. Verkefnin sem fylgja kennsluleiðbeiningunum hafa öll ákveðin þemu sem eiga að skapa vettvang til samræðna og fræðslu á kynheilbrigði í gegnum bókmenntir. Öll verkefnin sem fylgja kennsluleiðbeiningunum voru samin út frá söguþræði bókanna.

2. Unglingabækurnar KynVera og Daði

Unglingabækurnar *KynVera* og *Daði* eru skrifaðar með því markmiði að vera ísbrjótar á samræður um kynheilbrigði unglunga. Bækurnar eru skrifaðar af Siggú Dögg, kynfræðingi, þar sem hún fléttar inn í söguþráð bókanna spurningum sem henni hafa borist frá unglungum varðandi allt sem viðkemur því að vera kynvera. Það má því í raun segja að bækurnar séu einskonar afurð af fræðslu hennar.

Í bókunum tveimur fá lesendur að fylgjast með þeim grundvallarbreytingum sem eiga sér stað á unglingsárunum, breytingar sem bæði eru óumflýjanlegir og órjúfanlegir þættir unglingsáranna. Sálfræðingurinn Laurence Steinberg (2005) skilgreinir þessar breytingar og þætti í þrennu lagi, þ.e. tilkomu kynþroskans, tilkomu þróaðri hugsunarháttanna og tilfærslu í ný hlutverk í samfélaginu. Í báðum bókum fara aðalpersónurnar Vera og Daði í gegnum kynþroskann, þau uppgötva kynfæri sín á nýja vegu, líkamspartar stækka, hárvöxtur eykst, líkamslykt eykst og þau fara upplifa allskonar tilfinningar sem þau hafa ekki upplifað áður. Það er líka mikið af fyrstu skiptum í bókunum hjá bæði Veru og Daða. Daði upplifir sáðlát, Vera upplifir blæðingar og þau bæði kynnast sjálfum sér sem kynverum og prófa t.a.m. sjálfsfróun, fullnægingar, snertingar, kossa, sambönd og samfarir svo fátt eitt sé nefnt. Hugsunarháttur þeirra beggja breytist einnig töluvert, þau fara að sjá sjálf sig og aðra í nýju ljósi og finna fyrir aukinni ábyrgð á eigin lífi. Daði, sem býr einn með móður sinni þar sem faðir hans er ekki með í myndinni, upplifir sig oft þurfa taka ábyrgð á henni, geðheilsu hennar og fjárhag heimilisins. Þetta gerir hann með því að safna flöskum og fara með þær í endurvinnsluna og með því að vinna á kaffihúsinu. Daði sýnir einnig þessa auknu ábyrgð í því hversu mikinn skilning og virðingu hann sýnir móður sinni og tekur henni eins og hún er þrátt fyrir furðulegt háttalag hennar. Vera elst hins vegar upp, ein hjá föður sínum. Faðir hennar spilar bæði hlutverk föður og móður þar sem móðir Veru dó þegar hún var lítil. Sökum þess að Vera getur ekki sótt ráð til eigin móður þá leitar hún oft ráða hjá vinkonum sínum frekar en föður sínum. Faðir Veru er mikill umhverfisverndarsinni og leggur mikið upp úr því að kenna dóttur sinni að hugsa um og vernda náttúruna. Í gegnum hann lærir Vera töluvert um umhverfisvernd og nýtingu matvæla með því t.d. að leita eftir nýtanlegum mat í gámum fyrir utan verslanir eða nýta sér endurnýtanlegar tíðavörur.

Öll þessi hlutverk eru þeim ný og því eru þau ekki enn búin að koma sér fyrir í þeim. Í gegnum bækurnar sjá lesendur aðalpersónurnar hægt og rólega finna sig í nýjum hlutverkum, þeir sjá þau hrasa á hindrunum sem verða á vegi þeirra en einnig sjá þeir þau stíga upp og taka á afleiðingum. Bæði Vera og Daði læra einnig að í samböndum gilda ákveðnar reglur og að mörk þeirra og annarra beri að virða.

2.1. KynVera

KynVera er fyrsta skáldsaga Siggu Daggar. Bókin kom út árið 2018 og er ætluð sem ísbrjótur á samræður, þá sérstaklega um kynlíf, samskipti, samþykki, ástina og fleira tengt kynheilbrigði. Sigga fléttar saman kynfræðslu sinni við söguþráð bókarinnar og reynir að svara ýmsum spurningum sem hún sjálf hefur fengið frá unglingum í bókinni. Sigga segir sjálf að *KynVera* sé ástaróður til hennar eigin unglingsára og að sagan byggist að einhverju leyti á unglingsárum hennar og vina hennar. Sigga segir að hana hafi langað að skrifa sögu þar sem kynlíf, samþykki, samskipti og ástin væri í forgrunni og að hún myndi, vonandi, hjálpa þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í t.d. kynlífi (Sigga Dögg, 2018).

KynVera fjallar um unglingsstúlkuna Veru. Bókin er sögð út frá sjónarhorni Veru þar sem hún er að ganga í gegnum kynþroskann og allt sem viðkemur honum. Lesandinn fær innsýn í huga unglingsstúlku og það tilfinningaójafnvægi sem unglingsárunum fylgir. Í upphafi sögunnar er Vera ekki byrjað á blæðingum, hún hefur ekki prófað sig áfram kynferðislega og hefur litla þekkingu eða kunnáttu þegar kemur að slíku. Vera kynnist nýjum vinkonum sem tala tæpitungulaust um allt sem tengist tilhugalífínu, blæðingum og getnaðarvörnum. Í gegnum samtöl þeirra á milli fær Vera sem og lesandinn svör við ótal spurningum sem eðlilegt er að velta fyrir sér en oft erfitt að fá svör við. Dæmi um slíkt eru m.a. vangaveltur og svör við því hvað er að vera unglingur, hvernig blæðingar eru og hvenær þær byrja, kynfæri, gredda, sjálfsfróun, fullnægingar, líkamsvessa, mörk, samskipti kynjanna, kynheilbrigði og skilgreiningum á kynhneigð. Vera kynnist strák sem heitir Daði og þau verða par. Í kjölfarið lærir Vera enn meira um sjálfa sig, samskipti í samböndum, kynlíf og mörk í kynlífi (Sigga Dögg, 2018).

2.2. Daði

Daði, sjálfstætt framhald bókarinnar *KynVera*, er önnur skáldsaga Siggu Daggar. Bókin kom út árið 2019 en líkt og fyrri bókin þá er megintilgangur hennar að opna á samræður um tilfinningar, foreldrasamskipti, samskipti kynjanna, kynhneigð og fleira tengt kynheilbrigði. Söguþráður bókarinnar er byggður á raunverulegum spurningum og umræðum sem sprottið hafa upp hjá drengjum í kynfræðslu hjá Siggu Dögg.

Í bókinni *Daði* fær lesandinn að sjá söguþráðinn frá sjónarhorni Daða sem áður kom til sögunnar sem kærasti Veru. Lesandinn fær því betri sýn á hans hlið á málinu, líf hans, kynþroskann, hugsanir og tilfinningar. Lesandinn kynnist því hvernig upplifun Daða er af því að vera unglingsstrákur sem uppgötvar kynlíf og typpið á sér. Í sögunni lendir Daði í ástarsorg og fær lesandi því innsýn í allar tilfinningar sem slíku áfalli fylgja. Oft er ekki talað um tilfinningar karlmannna líkt og kvenna en bókin gefur lesanda innsýn í tilfinningaheim Daða (Sigga Dögg, 2019).

Eftir að Sigga skrifaði *KynVeru* fann hún að það vantaði alveg rými fyrir strákana þar sem þeir fengu að vera aðalsöguhetjurnar og þar sem söguþráðurinn væri drifinn áfram af spurningum frá þeim. Þar sem spurningar unglingsdregja eru oft ólíkar þeim sem stelpur myndu spyrja þá birtist sá munur í söguþræði bókanna. Sigga talar um að strákar í dag viti oft ekki alveg í hvern fótinn þeir eiga að stíga, eða hvað þeir mega eða hvernig þeir megi það. Bókin *Daði* er því í raun handrit af samtali að um að fá samþykki, skilja hvar mörkin liggja, hvernig á að taka við leiðbeiningum, hvernig gefa á leiðbeiningar og hvað þeir geta gert þegar þeir eru í tilfinningalegu ójafnvægi (Júlía Margrét Einarsdóttir og Egill Helgason, 2019).

Kynvera og *Daði* eru góð dæmi um svokallaðar unglingsbækur. Báðar þessar bækur geta nýst sem góður efniviður þegar kemur að bókmenntakennslu og kynfræðslu en áður en fjallað verður um nýtingu þeirra í kennslu er mikilvægt að byrja á því að skilgreina nánar hvað felst í orðunum unglingsur og unglingsbókmenntir.

3. Unglingar og unglingsbókmenntir

Samfélagið fór ekki að skilgreina unglingsbókmenntir sem unglingsbókmenntir fyrr en á eftirstrífisárunum með tilkomu rokksins og breyttra hegðunarreglna sbr. bítnikkakynslóðinni¹. Unglingar og unglingsmenning voru fyrirbæri sem þekktust fyrir stríð, en voru ekki skilgreind sem slík fyrr en eftir 1950. Upphófst þá tímabil ólgu, tilrauna og uppreisnar sem gerði það að verkum að unglingsbókmenntir sig sem sérstakan hóp úr samfélaginu (Savage, 2007). Unglingar hafa ávallt verið uppreisnargjarnir, nýjungagjarnir og eru stöðugt að reyna brjóta sig frá fjötrum æskunnar á sama tíma og þau reyna halda sig í fjarlægð frá hinum fullorðnu. Unglingar leita oft til fjölmiðla, eða samfélagsmiðla, til þess að sjá hvernig þeir eiga að haga sér. Á netinu og ýmsum miðlum t.d. bíómyndum sjá unglingsbókmenntir oft drykkju, party, slúður og tísku, en þessir þættir og fleiri verða viðameiri í þeirra lífi og eru unglingsbókmenntir sífelld forvitnari og forvitnari um umhverfi sitt (Corrigan, 2005).

Hvað felst samt í orðinu unglingsbókmenntir? Sálfræðingurinn Laurence Steinberg (2005) skilgreinir unglingsbókmenntir, í bók sinni *Adolescence*, sem tíma ýmissa breytinga sem eru allt í senn líffræðilegar, sálfræðilegar, félagslegar og efnahagslegar. Steinberg afmarkar unglingsbókmenntir sem annan áratug æviskeiðsins, þ.e.a.s. frá 11 ára til 20 ára og telur að á þessum tíma breytinga fái einstaklingar áhuga á kynlífi og verða kynþroska. Einstaklingar verða einnig fróðari, fagaðri og þar með hæfari til þess að taka sínar eigin ákvarðanir. Einnig telur hann einstaklinga verða meira meðvitaðri um sjálfa sig, sjálfstæðari og fara að hafa meiri áhyggjur af framtíðinni en áður. Félagssálfræðingurinn James Coleman (1965) talar einnig um breytingar á unglingsbókmenntum þar sem hann einblínir einna helst á félagslegar breytingar í bók sinni *Adolescents and the schools*. Þar segir hann að þó að unglingsbókmenntir verði fagaðri í samskiptum og fróðari um sig og umheiminn þá er ekki þar með sagt að þau verði fullnuma þegar kemur að ábyrgð og alvarleika í ákvörðunum sínum. Hann segir að vegna þessara breytinga, upplifi þau sig oft æðri en fullorðna einstaklinga í kringum þau og aðdáun þeirra á þeim hverfur algjörlega. Með tilkomu nýs samfélags hóps sem skilgreinir sig hvorki sem barn né fullorðna var augljóst að glufa hafi myndast á bókamarkaði. Því fór að birtast ný tegund bókmennta, unglingsbókmenntir (Smith, 2002).

3.1. Barna- og unglingsbókmenntir

Áður en unglingsbókmenntir eru skilgreindar er mikilvægt, formsins vegna að skilgreina barnabækur fyrst. Þetta er sérstaklega gert þar sem unglingsbækur falla oft með eða undir barnabókmenntir. Skilgreiningin á því hvað barnabók er hefur lengi verið á reiki og eru fræðimenn ósammála um hvað megi skilgreina sem barnabók og hvað ekki. Í grein sinni Börn

¹ Beat-generation, beatniks.

þurfa sögur og sögur þurfa börn segir Dagný Kristjánsdóttir (2005) að: „Barnabækur eru þannig nokkurs konar regnhlífarhugtak yfir afskaplega ólíkar tegundir bókmennta” (bls.18). Í sömu grein segir hún einnig að hægt væri að færa skilgreininguna um svokallaðar „kvennabókmenntir” yfir á barnabókmenntir. Því væru barnabókmenntir um börn, fyrir börn, en þó reyndar oftast ekki eftir börn. Grenby og Reynolds (2011) fjalla um barnabækur í bók sinni *Children’s Literature Studies* og segja að það geti einmitt reynst flókið að draga ályktun um hvað telst sem barnabókmenntir og hvað ekki. Ýmsir áhrifaþættir eru þar að verki og má þar nefna mismunandi skilning á því hvað bernska er, hversu lengi hún varir og hvernig hún er skilgreind út frá stétt, staðsetningu, kynþætti og auðmagni en einnig hver skrifar þær, fyrir hverja þær eru skrifaðar og af hverju.

Unglingabókmenntir er tiltölulega ný bókmenntagrein. Margrét Tryggvadóttir (2006) segir í umfjöllun sinni Unglingabækur að unglingsbækur hafi birst fremur seint þar sem litið var svo á að ungmenni gætu auðveldlega lesið bækur sem ætlaðar væru fullorðnum. Smith (2002) segir þó í umfjöllun sinni um sögu unglingsbókmennta að með tilkomu skilgreininga á unglingsum og unglingsmenningu á eftirstríðsárunum, fóru rithöfundar og bókaútgefendur að gera sér grein fyrir glufu á bókamarkaðnum. Hann segir að unglingsar hafi hvorki séð sig í persónum barnabóka né fullorðinsbóka. Því fóru að koma út bækur sem voru gerðar til þess að þóknast þessum týnda leshópi. Þær voru stuttar, skemmtilegar, auðlesnar og um þau sjálf.

Margrét Tryggvadóttir (2006) nefnir að *Búrið* eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur sem kom út árið 1977 hafi markað upphaf unglingsbókmennta á Íslandi. Margrét segir (2006) að þjóðfélagið hafi verið að taka miklum breytingum á árunum í kringum útgáfu *Búrsins*: „ungt fólk átti erfitt með að samsama sig söguhetjum í bókum sem skrifaðar voru af fullorðnu fólki, fyrir fullorðið fólk.” (bls.352). Eftir útgáfu *Búrsins* fóru fleiri skilgreindar unglingsbækur að koma fram á sjónarsviðið, mikill markaður var fyrir slíkum bókum og trónuðu þær oft efst á vinsældalistum.

Munur milli barna- og unglingsbóka liggur einna helst í efni þeirra. Bækur sem ætlaðar eru unglingsum snúa einna helst að ástarsamböndum og spennu, hvort sem sú spenna fylgir ástarsambandinu eða ekki (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999). Barnabækur snúa hins vegar frekar að ákveðinni leit þ.e. sögupersóna fer að heiman, leitar að ákveðnu takmarki t.d. vini eða hlut, eitthvað gerist í leitinni, sögupersóna kemst að tiltekinni lausn og nær að komast heim (Dagný Kristjánsdóttir, 2005). Miklar andstæður eiga sér stað í barnabókum sem hverfa síðan í unglingsbókum. Unglingurinn hættir að sjá heiminn í gegnum barnæskuglæraugun og fer að sjá hann sem flóknari hlut sem ekki er hægt að skipta í svart og hvítt (Nodelman, 2008, eins og vísað er til í Birgitta Elín Hassel, 2011).

Þó að það sé markaður fyrir bæði barna- og unglingabækur hér á landi þá hafa þessar bókmenntagreinar verið litnar hornauga af samfélaginu og þá sérstaklega skólasamfélaginu. Dagný Kristjánsdóttir (2005) talar sérstaklega um barnabækur í grein sinni *Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn* og segir að: „jafnvel mislukkuð bók fyrir fullorðna nýtur meiri virðingar og er álitin æðri list en sæmileg bók fyrir krakka” (bls.15). Margrét Tryggvadóttir (2006) tekur í svipaða strengi í umfjöllun sinni um unglingabækur. Í umfjölluninni bendir hún á að viðhorf til unglingabóka svipar til viðhorfs til barnabóka og segir að: „Litið hefur verið niður á íslenskar unglingabækur nánast frá upphafi þeirra. Þær eru álitnar vondar og ómerkilegar bókmenntir (bls.353)”. Þuríður Jóhannsdóttir (1995) fjallar um þetta sama viðhorf í grein sinni *Mýtan um bókabjórðina og unglingabókmenntir á Íslandi og lastar þá sérstaklega skólanna fyrir þetta viðhorf*. Hún segir að: „skólinn leggur áherslu á lítið álit sitt á þeim [unglingabækur] t.d. þannig að þegar nemendur eiga að velja sér valbók til að lesa heima og skrifa ritgerð þá mega þau gjarnan velja hvað sem er - bara ekki unglingabók!” (bls. 24). Þuríður segir að til þess að unglingabók verði vel metin í skólum landsins þurfi hún að sanna sig að einhverju leyti. Hún nefnir hér *Gauragang* eftir Ólaf Hauk Símonarson og segir að til þess að hún fengi náð fyrir augum skólans varð hún að fá viðurkenningu í Danmörku og vera sett upp sem leikrit í Þjóðleikhúsinu. Því var ekki byrjað að kenna hana í grunnskólum fyrr en 6 árum eftir útgáfu. Þuríður heldur áfram að gagnrýna skólana og segir að lögð sé of mikil áhersla á Íslendingasögur og svokallaðar fagurbókmenntir í stað þess að hvetja unglunga frekar til lesturs með bókum sem unglingar hafa í raun áhuga á. Hún segir að: „Bókmenntirnar hafa gildi af því að við þurfum á þeim að halda sem manneskjur en ekki vegna þess að við þurfum að varðveita menningararfinn” (bls.27).

Þetta hugarfar hefur mögulega breyst með árunum þó svo að vottur sé fyrir því hér og þar, þá einkum helst í grunnskólum. Mikill skyldulestur á sér stað innan skólanna og sjaldan eru unglingabækur settar sem skyldulesning. Brynhildur Þórarinsdóttir (2006) segir einmitt í grein sinni *Bókaormfræði - um barnabókmenntir í grunnskólum að bækur sem ætlaðar eru börnum og unglingum séu vannýttar auðlindir í grunnskólum*. Hún segir að góðar barnabækur séu ekki einungis tæki til lestrarþjálfunar heldur gera þær börn læs á samfélag sitt og menningu. Það má því velja því fyrir sér hvers vegna kennarar horfi oft fram hjá þessum bókum þegar kemur að bókavali í grunnskólum. Brynhildur segir í sömu grein að skýringin liggja mögulega í því að barna- og unglingabækur séu álitnar fyrst og fremst afþreying fremur en fræðsluefni í huga fólks.

3.2. Áhugahvetjandi lestur og falin skilaboð í bókmenntum

Unglingabækur eru mikilvægar að því leyti að í þeim geta ungir nemendur oft fundið sér fyrirmyndir í þeim persónum sem þar má finna. Birgitta Elín Hassell (2011) segir í

meistararitgerð sinni *Unglingabækur í kennslu - vannýttar bjargir?* að í unglingabókum getur lesandinn skoðað heiminn í nýju ljósi og hann getur sett sig í spor einhverra sem hann gæti mögulega aldrei staðið í annars. Hún segir jafnframt að það að lesa um erfiðleika og vandamál annarra, sem unglingabækur fjalla gjarnan um, að slíkur lestur geti ýtt lesanda að lausn á sínum eigin vandamálum eða erfiðleikum. Birgitta dregur þetta vel saman og segir: „Að lesa um reynslu annarra getur opnað augu lesandans og bækur geta þannig aukið víðsýni og orðið reynsla sem lesandinn býr að” (bls.30). Birgitta bendir einnig á að unglingabækur séu mjög ólíkar og þemu þeirra mismunandi. Hún segir að það geti verið vandmeðfarið að skrifa bækur fyrir börn og unglunga þar sem hluti af því að vera unglingur er að reyna brjóta sig lausan frá fullorðnum. En á sama tíma eru það fullorðnir sem skrifa bækurnar og þó svo að bækurnar fjalli um unglunga þá er umfjöllunin oft í takti við það sem fullorðnir vilja að unglingar geri og hugsí. Bækurnar sýni því oft einungis mynd af því sem fullorðinn rithöfundur vill sýna unglungum sem lesa bókina. Hún segir einnig að bækur fyrir börn og unglunga hafi lengi verið hugsaðar til kennslu og að markmið þeirra séu frekar til fræðslu en afþreyingar. Það er ekki þar með sagt að bók sem ætluð er til fræðslu geti ekki verið ætluð til afþreyingar og öfugt. Lestur bóka getur oft opnað á ýmsar vangaveltur og skapað þannig fræðandi og skemmtilegar umræður.

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2011) er umfjöllun um bókmenntir og bókmenntakennslu af skornum skammti. Þegar fjallað er um bókmenntir í kaflanum Lestur og bókmenntir er nefnt að íslenskur menningararfur sé verulega bundinn bókum og að í bókmenntum geta nemendur fundið fyrirmyndir og sett sig í spor persóna. Í sama kafla er rétt svo minnst á bókmenntakennslu en þar stendur: „þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmýnd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa” (bls. 99). Kristján Jóhann Jónsson (2016) kemur inn á þetta sama og gengur jafnvel lengra í grein sinni Lífið og dauðinn. Þar segir hann að bókmenntakennsla sé mikilvæg leið til þess að opna umræður í skólastofunni og nefnir mikilvægi þess að kennarar falli ekki frá því að ræða viðkvæm málefni. Hann segir að sterk fyrirbæri í mannlífinu eins og dauða og kynvitund eigi alls ekki að fela eða breiða yfir, heldur er mikilvægt að tala um þau, skrifa um þau og átta sig betur á þeim. Hann nefnir að tæknin geti oft flækst fyrir og bjóði ekki upp á persónulegar og pólitískar samræður milli fólks af ólíkum kynslóðum líkt og samtöl geta gert. Hann telur að ef kennarar haldi rétt á spilunum þá geti bókmenntakennsla þjónað sem góð kveikja að mikilvægum umræðum milli kynslóða

Umfjöllunarefni unglingabóka eru jafn ólík og þau eru mörg. Í slíkum bókum er algengt að sjá viðkvæm málefni á borð við dauða og kynferði unglunga svo fátt eitt sé nefnt (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2007). Ýmsir höfundar eru í raun að gera út á þessi málefni og þá sérstaklega vaxandi kynhvöt unglunga. Þetta sést einna helst í unglingabókum sem komu út á níunda áratug

síðustu aldar, þá sérstaklega í bókum eftir Eðvarð Ingólfsson t.d. *Fimmtán ára á föstu og Sextán ára í sambúð*. Sama má segja um bækur Þorgríms Þráinssonar þar sem áhersla var lögð á dulræn efni og gróft kynferðislegt tal drengja (Margrét Tryggvadóttir, 2006).

Viðkvæm málefni í barna- og unglingabókum eru ekki ný af nálinni. Í grein sinni Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn segir Dagný Kristjánsdóttir (2005) að í barnabókum hafi vitneskja um erfið málefni oft verið haldið frá börnum og málað upp á annan hátt en raun ber vitni. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar varð ákall frá samfélaginu eftir raunsæjum bókum og í kjölfarið spruttu fram „vandamálabækur“ sem fjölluðu um erfið málefni. Þessar bækur voru síðan pantaðar og nýttar af kennurum til þess að ræða við börn um vandamál sem birtust í bókunum. Það mætti í raun segja að bækurnar *KynVera* og *Daði* séu einhvers konar vandamálabækur því þær fjalla um málefni sem geta reynst erfið í samtali á milli fullorðinna og ungs fólks.

3.3. Bókmenntakennsla

Bókmenntir og bókmenntakennsla eru mikilvægar fyrir þær sakir að með kennslu margvíslegra bókmenntatexta, mismunandi erfiðra, fá nemendur fjöldann allan af upplýsingum og þekkingu. Með fjölbreyttum upplýsingum og aukinni þekkingu eflast nemendur m.a. í orðaforða, setningafræði og málsniði. Nemendur fá einnig tækifæri á að læra um hluti sem eru þeim óþekktir og fjarstæðir og þannig geta þeir þroskað umburðarlyndi og skilning sinn fyrir umhverfinu. Bókmenntatextar sem lýsa áhrifum og tilfinningum geta þar að auki hjálpað nemendum að mynda persónuleg tengsl við nám sitt (Kristján Jóhann Jónsson, 2016).

Bókmenntakennsla er stór hluti íslenskunáms í grunnskólum. Í flestum grunnskólum er farið í nokkrar bókmenntalotur á hverju skólaári og eru þetta oft lengstu loturnar í íslenskukennslu. Því gefur augaleið að bókaval kennara þarf að vera vel ígrundað. Ef *Aðalnámskrá grunnskóla* er skoðuð er hvergi talað um hvaða bækur eða hvaða bókmenntagreinir nemendur eigi að lesa. Í rauninni er bara fjallað um að nemendur skuli kynnast fjölbreyttum bókmenntum en nánari deili á því er hvergi að finna. Hvergi er talað um unglingabækur eða bækur yfir höfuð sem er sérstakt í ljósi þess hversu mikilvægar bókmenntir eru.

Á árunum 2013–2016 var framkvæmd ein sú umfangsmesta rannsókn á íslensku sem gerð hefur verið. Sú rannsókn ber heitið Íslenska sem námsgrein og kennslutunga (ÍNOK) og var markmið hennar að kanna stöðu íslensku og íslenskukennslu í skólum. Stuttu síðar var gefin út bók byggð á niðurstöðum þessarar rannsóknar þ.e. *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (2018). Þar er að finna umfjöllun um bókmenntakennslu í grunnskólum og framhaldsskólum. Í þeirri umfjöllun kemur fram að bókaval kennara byggist iðulega ekki á mikilli ígrundun. Kennarar kjósa frekar að velja bækur eftir hentugleikum, bækur sem þeir

þekkja og hafa kennt í langan tíma. Það liggur í augum uppi að kennarar halda vel í hefðirnar og sést það greinilega á þeim bókum sem kennarar nefna í viðtölum (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018, bls. 94) Meðalaldur þeirra bóka sem nefndar eru af kennurum í ÍNOK er 39 ár og einungis 5 af 26 bókum komu út eftir árið 2000 (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018).

Þær bækur sem kenndar eru í skólum samkvæmt ÍNOK eiga það sameiginlegt að þær eru ekki ætlaðar ungum lesendum þ.e. börnum og unglingum. Bækurnar sem þar eru nefndar eru nútímaskáldsögur, glæpasögur, sögulegar skáldsögur en varla ein einasta unglingabók (Dagný Kristjánsdóttir o.fl., 2018). Birgitta Elín Hassell (2011) nefnir einmitt þennan vanda í meistararitgerð sinni *Unglingabækur í kennslu - vannýttar bjargir?* og segir að unglingabækur hafi ekki verið vinsælar í skólastofum þó rannsóknir sýni að ef unglingar stjórna sjálfir þá verða unglingabækur yfirleitt fyrir valinu. Birgitta bætir við að margt af því sem unglingar velja sjálfir er lítið hornauga af kennurum og jafnvel ekki talið gilt sem bókmenntir. Slíkur hugsunarháttur getur verið skaðlegur fyrir nemendur og kennara. Kennarar þurfa að hafa opinn huga og passa sig að líta ekki niður á þær bækur sem nemendur velja sér sjálfir, sem er í flestum tilvikum unglingabækur.

Bókmenntakennsla má ekki verða letjandi líkt og niðurstöður ÍNOK gefa til kynna. Þar kemur skýrt fram í svörum nemenda, að þeir sjái ekki tilgang eða mikilvægi bókmenntakennslu (Dagný Kristjánsdóttir, o.fl., 2018). Þetta er mjög ógnvekjandi þróun. Það viðhorf sem sést út frá svörum í ÍNOK fer algjörlega á skjön við það sem stendur í *Aðalnámskrá grunnskóla* en þar kemur að m.a. fram að: „bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða og njóta” (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 97). Þuríður Jóhannsdóttir (1995) dregur fram góða mynd af þessum vanda í grein sinni *Mýtan um bókabjóðina og unglingabókmenntir á Íslandi*. Þar segir hún að í stað þess að einblína á menningararf sem bera þurfi að varðveita að þá þurfi að einblína á þarfir ungmenna fyrir bókmenntir, þó svo að unglingar geti fundið ýmislegt sem gæti gagnast þeim í gamla menningararfinum. Hún undirstrikar að það sé mikilvægt að leiða unga lesendur inn í sögur á þeirra eigin forsendum og að slíkt skapi samhengi á sama tíma og unglingar fái kynningu á bókmenntahefðinni.

Hér skal skýrt tekið fram að ýmsir áhrifaþættir eru að verkum þegar kemur að bókavali t.a.m. fjármagn skólans og skólabókasafnsins. Brynhildur Þórarinsdóttir (2015) vekur athygli á því í grein sinni *Sísi fríkar út: Nokkrir dropar í bakkafulla læsislækinn* að skólar hafa ekki gott aðgengi að barnabókum. Fjármagn skóla til bókakaupa er ekki hátt þó svo að bækur séu kostnaðarsamar og því er erfitt að kaupa nýjar bækur fyrir hvern bekk.

Í hæfniviðmiðum *Aðalnámskrár* (2011) fyrir lestur og bókmenntir, á nemandi við lok 10.bekkjara að geta lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi og lagt mat á þá og túlkað. Nemandi þarf að geta skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi. Nemandi

þarf að geta valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur, greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. Nemandi þarf að geta gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því, hann þarf að geta lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. Nemandi á að geta valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.

Hæfniviðmið og umfjöllun segja lítið um hvað skuli vera kennt í grunnskólum. Kennurum eru gefnar frjálssar hendur þegar kemur að bókavali og ekki er minnst á einhvern ákveðinn bókaflokk. Kennarar eiga að kynna nemendum sínum fjölbreyttar bókmenntir og ólíkar textategundir. Áherslan liggur einnig á að nemendur skuli verða sjálfstæðir lesendur og gera sér grein fyrir gildi lesturs og bókmennta. Ábyrgðin á kennurum er því mikil, sérstaklega í ljósi þess að lestur barna fer minnkandi með tilkomu samfélagsmiðla og annars konar afþreyingarefnis. Kennurum finnst orðið erfiðara að kveikja lestrarneista hjá nemendum og eru í bardaga við þessa nýju miðla. Þeir kennarar sem leita nýrra leiða til að auka lestur nemenda sinna, telja að með því að leyfa þeim að lesa eitthvað sem þeim finnst skemmtilegt þá myndist oft aukinn hvati fyrir lestri, innan sem utan skóla (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2019).

Áður en fjallað verður um nýtingu unglingabókmennta í tengslum við kynfræðslu í grunnskólum verður gerð grein fyrir hvað felst í orðinu kynfræðsla og hvað felst í slíkri fræðslu.

4. Kynfræðsla fyrir unglinga

„Kynfræðsla er ævilangt ferli í upplýsingaöflun, mótun viðhorfa og skoðana. Í þessu ævilanga ferli skapar einstaklingurinn eigin sjálfsmynd og myndar sambönd með tilheyrandi nánd”. Svona hljómar skilgreining Kynlífsupplýsinga- og menntaráð Bandaríkjanna eða SIECUS² á því hvað kynfræðsla er (SIECUS, 2004, bls.13). Svipaða skilgreiningu má finna í alþjóðlegum markmiðum Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, betur þekkt sem UNESCO³ (2018) um kynfræðslu og kennslu um kynheilbrigði. Þau markmið ná yfir margvísleg efni en þar á meðal eru vöxtur og þroski mannsins, líffærafræði og lífeðlisfræði æxlunar, fjölskyldugerðir og ólíkar gerðir sambanda. Einnig má nefna samfélagslega og menningarlega þætti, norm, jafnrétti, hlutverk, ofbeldi, samþykki, getnaðarvarnir, kynhegðun, kynsjúkdóma, kynvitund, kynhneigð og kynheilbrigði.

Markviss kynfræðsla getur haft ýmis jákvæð áhrif í för með sér. Rannsókn Kirby o.fl. (2007) á kynfræðslu, bendir til þess að með aukinni fræðslu eru meiri líkur á að einstaklingar seinki því að stunda kynlíf, notkun á smökkum og getnaðarvörnum eykst og tíðni kynsjúkdóma og ótímabærra þungana minnkar. Kynfræðsla getur haft áhrif á þá kynlífsmenningu sem tíðkast í samfélaginu. Kynlífsmenning er þær hugmyndir, hefðir, hegðanir og gildi sem eru viðtekin um kynlíf innan ákveðins hóps (Þórður Kristinsson og Björk Þorgeirsdóttir, 2021). Í grein Kolbrúnar Hrundar Sigurgeirsdóttur o.fl. (2019) sem ber heitið Kynlífsmenning framhaldsskólanema frá sjónarhorni ungra karla er greint frá því hve mikið kynlífsmenning hefur breyst en einnig upplifun ungra karla af þeirri menningu. Mikill félagslegur þrýstingur á sér stað á unglingsárunum og liggur sá þrýstingur einna helst á kynlífi. Því eldri sem einstaklingur verður því meiri er þrýstingurinn að klára fyrstu samfarirnar. Þrýstingurinn liggur ekki einungis á því að stunda samfarirnar sjálfar, heldur einnig að segja frá þeim og monta sig af þeim, þetta er þó aðallega bundið við drengi. Ýmsar kröfur bætast síðan inn í myndina og eru þær af ýmsum toga. Kröfurnar snúa oftast en ekki að líkamlegu útliti, typpastærðum, brjóstastærðum og væntingum.

Aukin þrýstingur og auknar kröfur geta oft myndast út frá áhorfi á klámi. Kolbrún Hrund o.fl. (2019) skilgreina klám sem: „kynferðislegar athafnir og berskjöldun á kynfærum fólks þar sem misnotkun og niðurlæging á sér stað” (bls.4). Á vefnum SJÚKÁST (e.d.), forvarnarátaks á vegum Stígamóta, er fjallað um áhrif kláms á ungmenni. Þar segir að klám getur haft gífurleg áhrif á ungt fólk, sérstaklega ef áhorf er mikið og ýtir oft undir þann þrýsting sem nefndur var hér að ofan. Klám gefur fólki skakka og brenglaða mynd af kynlífi og oft hverfur greinarmunur fólks á kynlífi og klámi. Klám getur ýtt undir áhyggjur fólks af útliti t.d. typpa- eða brjóstastærð

² The Sexuality Information and Education Council of the United States

³ The United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization

eða af frammistöðu einstaklinga í kynlífi. Kolbrún Hrund o.fl. (2019) benda einnig á að algengt sé að einstaklingar sem stunda kynlíf biðji annan aðilann að herma eftir eða prófa athafnir úr klámi, sem endar oft með sársauka og niðurlægingu. Hinn aðilinn finnur sig oft í þeirri aðstöðu að hann telur sig ekki geta neitað og vill því fremur taka þátt.

Kynfræðsla er því gífurlega mikilvæg fyrir ungmenni til þess að hugmyndir þeirra um kynheilbrigði byggji ekki einungis á klámáhorfi og leit á netinu. Mikilvægt er að unglingar fái góða fræðslu þar sem hægt er að ræða um og vinna með misvísandi skilaboð sem birtast þeim í klámi. Ef unglingum er ekki gerður nægur greinarmunur á milli þess sem þau sjá í klámi og raunverulegs kynlífs er hættu á því að valdamisræmið sem birtist í klámi færist yfir á þeirra eigið kynlíf (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir o.fl., 2019).

Samkvæmt rannsóknum á kynfræðslu hér á landi telja bæði unglingar sem og kennarar að mikil þörf sé á meiri kynfræðslu í skólum. Unglingar hafa bent á að sú kynfræðsla sem þau höfðu fengið væri mismunandi milli kynja. Stelpur fengu iðulega fræðslu um neikvæðar hliðar kynheilbrigðis t.d. ótímabærar þunganir og kynsjúkdóma en strákar fengu umræðu um kynlíf og sjálfsfróun. Ungt fólk er forvitið og þarf því á vandaðri og markvissri fræðslu og ráðgjöf að halda. Börn og unglingar sem ekki fá ráðgjöf leita frekar í klám (Salvör Sæmundsdóttir, 2018, eins og vísað er til í Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir o.fl., 2019).

Samkvæmt lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir nr. 25/1975 skulu fræðsluyfirvöld í samráði við skólafirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum. Það verður að teljast athyglisvert að þegar *Aðalnámskrá grunnskóla* er skoðuð þá er hvergi talað um eiginlega kynfræðslu. Í kaflanum heilbrigði og velferð segir:

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 23).

Vissulega eru margir af þessum áhersluþáttum sem þarna eru taldir upp varðandi heilbrigði tengdir á einhvern hátt kynfræðslu. Þessum þáttum er hinsvegar ekki gefinn mikill gaumur í námskránni sem vekur töluverða furðu.

Í hæfniviðmiðum aðalnámskrár má þó finna einhverja skírskotun í kynfræðslu. Þessi hæfniviðmið eru dreifð um faggreinarnar. Í hæfniviðmiðum fyrir skólaþróttir n.tt. kaflinn Félagslegir þættir, stendur að nemandi eigi að geta við lok 10.bekkjjar rökrætt kynheilbrigði,

kyn- og staðalímyndir og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 184). Í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar í kaflanum Hugarheimur stendur, að við lok 10. bekkjar eigi nemandi að geta beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. Kynheilbrigði birtist síðan aftur í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsgreinar sem stikkorð í undirkaflanum Félagsheimur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls.197). Einnig birtist kynjafræði sem stikkorð í hæfniviðmiðum fyrir samfélagsfræði í kaflanum Reynsluheimur. Í hæfniviðmiðum fyrir náttúrufræði stendur að við lok 10. bekkjar eigi nemandi að geta útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls.173). Þetta eru einu hæfniviðmiðin sem tengjast með einum eða öðrum hætti kynfræðslu. Þar sem þessi hæfniviðmið eru á víð og dreif yfir faggreinar getur reynt flókið að bæði finna þau og vinna með þau á skilvirkan hátt. Hentugra væri að samþætta þessi hæfniviðmið í einni faggrein þar sem kynheilbrigði væri megináherslan.

Þess má geta að í lok árs 2020 var settur á fót starfshópur á vegum menntamálaráðherra sem ætlað var að gera tillögur um hvernig væri hægt að gera kennslu markvissari varðandi kynheilbrigði og ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskólum (Sigrún Birna Björnsdóttir, 2021). Sá hópur skilaði af sér skýrslu með tillögum um breytt fyrirkomulag í júní 2021. Það má teljast undarlegt að enn hefur ekkert heyrst frá ráðuneytinu um stöðu mála og enn hafa engar breytingar átt sér stað í málaflokknum. Það má því segja að skýrsla sem löngu er búið skrifa hafi dottið upp fyrir í kerfinu og gleymst.

4.1. Námsefni og rannsóknir í kynfræðslu

Á vef Menntamálastofnunnar er hægt að finna námsefni fyrir grunnskóla sem gefið hefur verið út af stofnunni. Þegar leitað er eftir útgefnu námsefni fyrir kynfræðslu á unglingsstigi koma 10 niðurstöður fram. Námsefnið skiptist í fræðslumyndir, kennaraefni, vefi, rafbækur, foreldraefni og hljóðefni. Námsefnið er allt frá 7-17 ára gamalt og telst því heldur úrelt (Menntamálastofnun, e.d.). Þegar haft var samband við Menntamálastofnun og spurst fyrir um hvort til væri frekara námsefni en það sem birtist á vefnum, var niðurstaðan sú sama. Án þess að lasta það sem áður hefur verið gert þá gefur það auga leið að ekki er um auðugan garð að gresja þegar kemur að kennsluefni í kynfræðslu þrátt fyrir stöðugt ákall eftir því.

Reykjavíkurborg hefur reynt að svara þessu ákalli að einhverju leyti með Jafnréttisskólanum en hlutverk hans er tvíþætt. Annars vegar er það að skapa vettvang og miðla þekkingu á jafnréttismálum til skólastofnana í samræmi við áherslur aðalnámskrár og hins vegar að veita ráðgjöf og stuðning varðandi ýmis málefni m.a. kynheilbrigði

(Reykjavíkurborg, e.d. -a). Í sjöttu viku hvers árs er svokölluð Vika-6 sem Jafnréttisskóli Reykjavíkur stýrir. Í Vika-6 er meginmarkmiðið að bjóða upp á fjölbreytta og alhliða kynfræðslu þar sem kynheilbrigði er í forgrunni. Unglingar innan Reykjavíkur kjósa þema hvers árs með kosningu. Önnur sveitarfélög eru hvött til að taka þátt sem og grunnskólar, leikskólar, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili. Á vefslóð verkefnisins er bent á hugmyndir og verkfæri sem eru sniðin að þema hvers árs, en þar má nefna fræðslumyndbönd, veggspjöld, umræðuefni, leiki, klípusögur og kennsluefni (Reykjavíkurborg, e.d. -b).

Grunnskólakennarar hafa margir hverjir tekið að sér að útbúa kynfræðsluefni aðgengilegt nemendum, foreldrum og öðrum kennurum. Hér má nefna Hilju Guðmundsdóttur, grunnskólakennara við Sæmundarskóla sem heldur úti vefjunum kynfræðsla.net og kynfræðsla í Sæmó. Á kennsluvefunum tveimur má finna kennsluhugmyndir, fræðsluefni, fræðslumyndbönd og ýmsan fróðleik sem nýta má í kynfræðslu í grunnskólum. Á vefjunum má finna efni fyrir öll stig grunnskóla þ.e. yngsta stig, miðstig og unglingastig. Við gerð fræðslunnar styðst Hilja við alþjóðleg markmið UNESCO um kynfræðslu og kennslu á kynheilbrigði.

Ýmsir rithöfundar hafa einnig svarað kallinu um viðameiri kynfræðsluefni en þar má helst nefna Sólborgu Guðmundsdóttur og Sigríði Dögg Arnardóttur. Sólborg Guðmundsdóttir skrifaði Fávita-bækurnar, sem gefnar voru út á árunum 2020-2022, með það að markmiði að sporna gegn stafrænu kynferðisofbeldi sem og öðru ofbeldi (Forlagið, e.d.). Sigríður Dögg Arnardóttir, betur þekkt sem Sigga Dögg hefur frá árinu 2010 lyft miklu grettistaki þegar kemur að kynfræðslu hér á landi en hún hefur sinnt kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum síðan þá. Sigga Dögg er sjálf kynfræðingur að mennt en hún hlaut M.A. gráðu í kynfræði við Curtin háskóla í Vestur Ástralíu og hefur því mikla sérþekkingu þegar kemur að kynfræðslu (Sigga Dögg, 2019). Sigga Dögg hefur skrifað þrjár unglingabækur sem allar hafa það að markmiði að fræða lesendur á einhvern hátt um lífið og tilveruna. Tvær þessara unglingabóka fjalla um kynheilbrigði unglunga en það eru bækurnar *KynVera* og *Daði*. Þegar Sigga Dögg skrifaði bæði *KynVeru* og *Daða* þá vildi hún skrifa bækur þar sem fjallað væri um kynlíf og kynheilbrigði á hreinskilinn og einlægan hátt og gera því unglingum kleift að spegla sig í persónum og atburðum. Megin tilgangurinn með bókunum var að vera einskonar ísbrjótur á samræður í vana- og ástarsamböndum og samræðum við fullorðna (Sigga Dögg, 2018).

Þegar leitað er eftir rannsóknum á kynfræðslu í íslenskum skólum er lítið að finna. Einu rannsóknirnar sem birtast við slíka leit eru rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið af Sóleyju Sesselju Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Í þessum rannsóknum lagði Sóley fyrir ákveðið námsefni og gerði athugun á árangri kennslunnar. Ein af þessum rannsóknum hennar er frá árinu 2015 og ber heitið *Árangur af kynfræðslunámsefninu*

„kynveruleiki í ljósi kynheilbrigðis“ en rannsóknina framkvæmdi hún ásamt Álfheiði Freyju Friðbjarnardóttur. Rannsóknin fjallar um nýtingu námsefnisins í 8.bekk við grunnskóla í Reykjavík og benda niðurstöður þeirrar rannsóknar til að árangur hlýst af kynfræðslu hvað varðar þekkingu, viðhorf og samræður við foreldra. Einnig benda þær til þess að mikilvægt sé að hefja alhliða kynfræðslu ekki seinna en í 7.bekk (Sóley Sesselja Bender og Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir, 2015). Þetta tiltekna kennslufni sem vísað er til í rannsókninni er hvergi aðgengilegt og því erfitt að nýta það sem námsefni.

4.2. Kynfræðsla í gegnum bókmenntir

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* ákveður hver grunnskóli hvort námsgreinar og námssvið séu kennd aðgreind eða samþætt. Skólarnir þurfa jafnframt að gæta þess að þrátt fyrir samþættinguna þurfi námið að vera sem heildstæðast. Ávinningur þess að kenna námsgreinar samþætt er mikill. Í daglegu lífi nemenda eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin af mörgum þáttum. Samþætting kallar á námsaðferðir og verkefni sem krefjast þess að nemendur samþætti þekkingu sína, leikni, daglegt líf, áhugamál og samskipti við annað fólk. Samþætting er því góð leið til þess að útbúa verkefni sem tengjast mörgum námsgreinum og með því er hægt að gera námið merkingarbærara og fjölbreyttara fyrir nemendur (*Aðalnámskrá*, 2011). Þó svo það liggi ekki endilega í augum uppi þá er ákveðið tækifæri fólgið í því að nýta sagnaformið í kynfræðslu. Slík samþætting, um flókin málefni líkt og kynfræðslu, getur verið mjög gagnleg og ávinningur hennar mikill. Nýting barna-og unglingsbóka til þess að fræða nemendur um flókin málefni er ekki óþekkt (Gilbert, 2004). Til þess að kennari haldi sér sem hlutlausustum er gott að notast við sögur. Þegar kemur að viðkvæmum málefnum í kennslu er það ekki endilega viðfangsefnið sem er erfiðast heldur hver kennarinn er sem manneskja og hvernig kennarinn telur sig geta tekið á viðfangsefninu. Í slíkri kennslu þarf að huga að því að viðfangsefnið sem fjallað er um er að öllum líkindum hluti af daglegu lífi nemenda (Mankiw og Strasser, 2013).

Þó svo að fullorðnir geri sér flestir grein fyrir að unglingar þurfi skýr, hnitmiðuð og greinargóð samtöl um hluti eins og kynlíf þá fylgja því oft ákveðin óþægindi. Þar sem fullorðnu fólki getur oft fundist áhættusamt og óþægilegt að tala um kynlíf við unglinga þá getur lestur bókmennta komið þar vel að gagni. Slíkur lestur býður upp á tækifæri til þess að nemendur öðlist svör í gegnum söguþráðinn. Nemendur geta oft kynnst ólíkum sögupersónum, með ólíkar skoðanir og þarfir og geti þ.a.l. sett sig í spor slíkra sögupersóna. Nemendur geta oft dregið töluverðan lærdóm af söguþráðinum sem oft á tíðum er mjög innihaldsríkur og lærdómsríkur. Margir unglingar eru í stöðugri leit eftir því hvernig og hvort þeir eigi að skilgreina sig og getur lestur bóka sem fjalla um allskyns þætti kynheilbrigðis gert unglingum kleift að samsama sig sögupersónum í bókunum. Þetta getur verið sérstaklega gagnlegt fyrir

unglinga sem verða oft fyrir aðkasti fyrir kynhneigð eða kynvitund sína (Gilbert, J., 2004). Bækur geta oft á tíðum hjálpað nemendum að setja viðfangsefni í samhengi við sitt eigið líf og þar með hjálpað þeim að skilja erfiða reynslu, hvort sem það er þeirra eigin eða persónanna í sögunni (Mankiw og Strasser, 2013).

5. Lokaorð

Það er svo mikilvægt að lesefni sem sett er fyrir tiltekinn aldurshóp sé áhugavert og eigi við þann hóp. Með áhugahvetjandi lestri er hægt að byggja margar brýr og auka lestraránægju unglinga. Bækurnar *KynVera* og *Daði* eru ákveðin auðlind sem vert er að nýta og væri það því soun að nýta ekki þá vitneskju og samantekt sem Sigga Dögg dregur saman í bókunum. Bækurnar *KynVera* og *Daði* bjóða upp á fjölbreytta möguleika í bókmenntakennslu en einnig kynfræðslu. Eins eðlislægt og kynlíf er fyrir okkur sem lífverur verður það að teljast undarlegt að sjá hversu lítil áhersla er lögð á kynfræðslu í skólakerfinu. Kynfræðsla er í raun metin ónauðsynleg ef miða má við *Aðalnámskrá grunnskóla*. Allt of lítil áhersla er lögð á kynfræðslu þó svo að vissulega séu til örfáar undantekningar á því. Til eru kennarar og skólar sem standa sig betur en aðrir þegar kemur að fræðslunni en til þess að skólar geti verið jafnvígir á landsvísu þarf að auka vægi kynfræðslunnar í *Aðalnámskrá*.

Sökum þess að það er bæði vöntun á kennsluefni og kennslu í kynfræðslu í grunnskólum og ekki eiga allir skólar möguleika, né fjármagn til að fá til sín fyrirlesara líkt og Siggu Dögg, þá vildum við búa til kennsluleiðbeiningar sem hugsanlega gætu hjálpað. Með því að leggja þessar kennsluleiðbeiningar fram höfum við vonandi lagt okkar lóð á vogarskálarnar til að bæta kynfræðslu í grunnskólum, auðveldað kennurum að vinna upp úr bókunum og þannig hjálpað til við að dreifa út fræðslu Siggu Daggar til sem flestra.

Kennarar fá oft lítinn undirbúning í kynfræðslu og enginn áhersla er lögð á slíka fræðslu fyrir kennaranema í grunnnámi sem er að okkar mati mjög ábótavant. Það er af þeirri ástæðu sem við vildum finna leiðir til að tengja saman okkar helsta áhugasvið, þ.e. bókmenntir við fræðslu á viðkvæmum málefnum, en að þessu sinni var það kynfræðslan.

Í kennsluleiðbeiningunum sem fylgja þessari greinargerð er mikil áhersla lögð á umræður milli kennara og nemenda. Þetta lokaverkefni; greinargerð og kennsluleiðbeiningar ættu að geta nýst kennurum vel, hvort sem unnið er upp úr því í heild sinni eða valdar útfærslur eða þemu eftir hentugleikum.

6. Kennsluleiðbeiningar

Kæri kennari!

Eftirfarandi kennsluleiðbeiningar eru ákveðinn leiðarvísir í því hvernig hægt er að vinna með unglingsbækurnar *KynVera* og *Daði* eftir Siggu Dögg, í samþættingu á bókmenntakennslu og kynfræðslu. Bækurnar má nálgast hjá Forlaginu og hjá höfundu en einnig eru þær aðgengilegar sem hljóðbækur á Storytel. Þessar kennsluleiðbeiningar byggja að nokkru leyti á söguáferðinni en sú áferð lýsir sér þannig að notast er við sögu í kennslu þar sem nemendur eiga að setja sig í spor persóna og takast á við þau vandamál og verkefni sem sögupersónur standa frammi fyrir. Nemendur eiga að leita eftir svörum við þeim vandamálum sem persónur lenda í sem og svara spurningum sem tengjast söguþræðinum (Ingvar Sigurgeirsson, 2013). Með hjálp bókanna er því leitað eftir svörum á spurningum sem brenna á mörgum unglingsum varðandi kynheilbrigði.

Bækurnar tvær fjalla um aðalpersónurnar Veru og Daða þar sem þeim er fylgt í gegnum ýmsa örðugleika og skemmtilegheit sem unglingsárin hafa í för með sér. Bækurnar eru skrifaðar út frá spurningum sem Sigga Dögg hefur fengið frá unglingsum í kynfræðslufyrirlesturum sínum og eru því stútfullar af vangaveltum og svörum sem unglingsar geta dregið mikinn lærdóm af. Markmiðið sem höfundur vill ná fram með lestri bókanna er að þær séu ísbjótur á samræður um allt sem kemur að kynheilbrigði.

Í þessum kennsluleiðbeiningum er búið er að greina bækurnar niður í þemu sem auðvelt er að vinna með. Ekki er unnið með einn kafla í einu heldur eftir þemum en þau eru: kynlíf, kynfæri, kynhneigð, blæðingar, sjálfsfróun, mörk, getnaðarvarnir og kynsjúkdómar og sambönd. Í hverju þema er hægt að sjá hvar umfjöllunarefni þemans birtast í hverri bók fyrir sig. Ekki er nauðsynlegt að vinna með öll þemun en gott er að velja nokkur þemu sem talið er nauðsynlegt að taka fyrir með tilteknum hópi. Kennari er þó hvattur til þess að fjalla um eins mörg þemu og hann kemst yfir. Lagt er upp með að nemendur hafi verið búin að lesa aðra hvora bókina þegar vinna með þemu hefst. Í sumum verkefnum eru nemendur beðnir um að rifja upp atriði í bókinni en önnur ekki. Með hverju þema fylgja ákveðnar útfærslur (sjá neðar) ásamt hugmyndum af áframhaldandi verkefnum.

Áður en hafist er handa er mikilvægt að hafa í huga að kynfræðsla er meira en bara kennsla um kynferðislega hegðun. Kennari þarf því að vera búinn að afla sér upplýsinga um ólík málefni tengd kynheilbrigði en þessar upplýsingar má yfirleitt finna í viðbótarfræðsluefni sem fylgja hverju þema. Leiðbeiningarnar eru hugsaðar sem hugmyndabanki, stuðningur eða innblástur fyrir þá kennara sem ákveða að kenna þessar bækur. Því er ekkert meitlað í stein og er kennara frjálst að breyta til, bæta við eða sleppa einhverju sem birtist í þessum leiðbeiningum.

6.1. Undirbúningur kennara

Áður en kennsla hefst þarf kennari að vera búinn að lesa bókina/bækurnar, þekkja innihald þeirra og vera reiðubúinn til að svara öllum þeim spurningum sem upp geta komið við lesturinn. Gott er fyrir kennara að renna yfir umræðuspurningar sem fylgja hverju þema og ef þörf krefur að bæta þekkingu sína á þeim sviðum sem hann telur sig eiga erfitt með að svara (skoða viðbótarfræðsluefni). Bókin fjallar um viðkvæm málefni sem oft getur reynst erfitt að ræða og þess vegna þarf kennari að geta talað tæpitungulaust um málefni á einlægum, hreinskilinum og þægilegum máta.

Til þess að umræður séu þægilegar er mikilvægt að skilningur kennara sé til staðar og hann geti rætt allt á afslappaðan hátt. Í umræðum þarf að huga að ýmsu. Gott er að kennari hefji umræður á að minna nemendur á að viðfangsefni sem tekin verða fyrir og umfjöllunarefni bókanna eru allt eðlilegir þættir í því að fullorðnast. Þessi viðfangsefni snerta okkur flest og þó að viðfangsefni geti verið óþægileg þá er mjög mikilvægt að ræða þau. Einnig er mikilvægt að vera meðvituð um að sumir vilja ræða slíka hluti mismikið og bera skuli virðingu fyrir því. Ef sú ólíklega staða kemur upp að enginn nemandi vill taka þátt í umræðum þá er mikilvægt að kennari hefji umræðuna á sínar eigin spýtur t.d. með lítilli þankahríð eða dæmisögum. Svo getur kennari kastað boltanum út í kennslustofuna með því að spyrja einfalda spurninga sem ekki eru „vandræðalegar“ t.d. með spurningum um söguþráðinn eða ákveðnar persónur. Kennari þarf að huga að skipulagi umræðna en það er hægt með því að nýta ýmsar aðferðir í umræðum (sjá útfærslur). Bent er á að nálgast má fleiri hugmyndir af umræðuaðferðum á vef Ingvars Sigurgeirssonar og Lilju M. Jónsdóttur; skolastofan.is. Þar sem viðfangsefni bókanna er viðkvæmt er mælt með því að nýta sér aðferð þar sem kennari nær að fylgjast með umræðunni sem mest t.d. með stýrðum umræðum, málstofum eða þankahríð.

Kennari þarf einnig að huga að undirbúningi lestrarkannana (sjá *Lestur bókar*) ef hann kys að leggja slíkar kannanir fyrir sem og undirbúa þær útfærslur sem hann ákveður að taka fyrir. Ef hann kys t.d. að nýta sér útfærsluna *Könnun* þarf kennari að huga að því að útbúa könnunina áður en hún er lögð fyrir.

6.2. Bókarkveikja

Áður en vinna hefst er mikilvægt að kynna bækurnar vel með góðri kveikju. Kveikja er kennslufræðilegt hugtak um þá aðferð sem beitt er til að draga athygli nemenda að því efni sem leggja á fyrir (Ingvar Sigurgeirsson, 2013). Kveikjur geta verið alls konar og getur kennari farið margar leiðir til þess að vekja áhuga nemenda sinna á efninu. Kveikjur geta t.d. verið

spurningar, klípusögur, gátur, leikir, tilraunir, myndir eða skrýtlur (Ingvar Sigurgeirsson, 2013). Hér fyrir neðan má finna hugmynd að kveikju sem gæti verið skemmtilegt að nýta í kennslu áður en lestur bókarinnar hefst. Hún er stutt, grípandi og gæti tengst fyrirframþekkingu nemenda á t.d. Siggu eða bókunum.

Kveikjan felst í því að sýna nemendum myndband/myndbönd þar sem Sigga kynsir bækurnar og söguþráð þeirra: [Myndband 1 - Kynvera](#) , [Myndband 2 - Daði](#). Eftir að myndböndin hafa verið spiluð er gott að spyrja nemendur hvort þau þekki til Siggu og fræðslu hennar. Gott er að vera með stutta kynningu á hver Sigga er og tilganginn með því að hún skrifaði bækurnar. Þetta er vissulega ekki nauðsynlegt en gæti gert nemendum betur grein fyrir innihaldi og tilgangi lestursins.

6.3. Lestur bóka

Ekki er ætlast af nemendum að hver og einn lesi báðar bækurnar þ.e. *KynVeru* og *Daða*. Það er val kennarans hvort ein bók verður tekin fyrir eða hvort nemendur fá val um bækurnar sem þau lesa. Hægt er að vinna með þemun og útfærslurnar hvort sem það er fyrir eina bók eða báðar. Ef kennari ákveður að leyfa nemendum sínum að velja hvora bókina þau lesa þá er hann hvattur til þess að benda nemendum sínum á að velja þá bók sem fjallar ekki um þeirra eigið kyn. Mælt er með því að kennari setji fyrir stuttar lestrarkannanir á meðan lestri stendur til að fylgjast með framganginum. Lestrarkannanir geta verið á marga vegu, t.d. 5-10 spurningar um umfjöllunarefni þeirra kafla sem nemendur eiga vera búin að lesa eða að nemendur eiga að skrifa 2-4 setningar sem útskýra hvað hefur átt sér stað í þeim köflum sem þau eru búin að lesa.

Umfjöllunarefni bókanna er fremur viðkvæmt og getur reynst erfitt fyrir bæði kennara og nemendur að lesa bókina í sameiningu. Því er mælt gegn því að kennari lesi alla bókina/bækurnar upphátt fyrir nemendur en hægt er að taka einn og einn kafla fyrir með nemendum ef vilji er fyrir hendi. Annars er ætlast til þess að nemendur lesi bókina heima yfir ca. 2-3 vikna tímabil og sé einnig veitt svigrúm til þess að lesa bækurnar á skólatíma. Hægt væri að miða við að gefa nemendum hluta úr hverjum íslenskutíma eða t.d. tíma ætluðum í yndislestur til þess að lesa í bókunum á skólatíma. Bækurnar eru báðar til sem hljóðbækur og er miðað við að nemendur hafi aðgang að þeim ef þörf er á.

6.4. Hæfniviðmið

Hér að neðan má finna lista með þeim hæfniviðmiðum sem helst væri hægt að vinna út frá. Hæfniviðmiðin hér að neðan eru fengin beint upp úr *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013). Þetta er

ekki tæmandi listi og eru hæfniviðmið mismunandi fyrir hvert verkefni sem birtast í kennsluleiðbeiningunum. Kennari gæti þurft að sækja sér hæfniviðmið í aðrar námsgreinar sem henta hverju verkefni fyrir sig t.d. þyrfti kennari líklegast að leita í upplýsingatækni fyrir verkefni sem nýta sér útfærsluna *Upplýsingatækni*.

19.2 Hæfniviðmið fyrir íslensku

Lestur og bókmenntir - Við lok 10. bekkjar getur nemandi :

- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi
- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því, hann þarf að geta lesið, túlkað
- Metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.

Talað mál, hlustun og áhorf - Við lok 10. bekkjar getur nemandi :

- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

22.2 Hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar

Lífsskilyrði manna - Við lok. 10. bekkjar getur nemandi:

- Útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra.

23.2 Hæfniviðmið fyrir skólaíþróttir

Félagslegir þættir- Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.




24.2 Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar

Hugarheimur - Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd,

6.5. Útfærslur

Hér eftirfarandi er tafla með táknum fyrir hverja og eina útfærslu. Þessi tákni birtast undir hverju þema. Táknin eiga að leiðbeina kennurum hvernig vinna megi með þemað.

	<p>Hverju þema fylgja hugmyndir að umræðuspurningum sem hægt er að nota í umræðum. Þessir spurningalistar eru ekki tæmandi en tengjast efni þemans og söguþræði bókanna. Aðferðir sem beita má í umræðum eru t.d. þankahrið, umræðuhópar, réttarhöld, málstofur, á öndverðum meiði og stýrðar umræður. Gott er að kennari sé búin að kynna sér efni þemans sem spurningarnar birtast í, gert er ráð fyrir að kennari geti svarað flestum spurningum sem birtast að hverju sinni.</p> <p>Þó svo að umræðuspurningar sé ein útfærsla fyrir sig þá eru kennarar hvattir til að nýta þær spurningarnar í öðrum útfærslum. Vert er að taka fram að umræðuspurningarnar sem birtast með þemum eru ekki í neinni ákveðinni röð og er kennara frjálst að ákveða hvaða spurningar hann notar.</p>
	<p>Ritunarverkefni geta verið ýmist stutt eða löng og krafist mismikils. Þegar átt er við ritunarverkefni er ekki aðeins átt við verkefni þar sem nemendur eiga að skrifa ritgerð, heldur getur þetta einnig átt við verkefni þar sem nemendur eiga að skrifa t.d. handrit, ljóð, dagbók, útdrátt o.fl..</p>
	<p>Líkt og orðið gefur til kynna þá er markmiðið með útfærslunni að vinna á skapandi hátt með þemun. Verkefni sem unnin eru út frá þessari útfærslu bjóða upp á mjög fjölbreytta vinnu.</p>

	<p>Með því að vinna með tæknina öðlast nemendur betri tækniskilning og tæknilæsi og geta nýtt sér ýmissa tækni, búnað og fjölbreyttar úrvinnslu leiðir við nám sitt.</p>
	<p>Fenginn er utanaðkomandi gestafyrirlesara til að kynna ákveðið umræðuefni. Gestafyrirlestrar geta verið spennandi fyrir nemendur þar sem slíkt brýtur upp hefðbundin skóladag. Gestafyrirlesarar geta einnig veitt nemendum betri innsýn í ákveðin efni heldur en kennari.</p>
	<p>Í innlögn er lagt fyrir fróðleik í formi fyrirlestra eða myndbanda áður en nánari vinna með efnið á sér stað. Þetta getur verið mikilvæg útfærsla þegar nemendur eru að læra mikið af nýjum fróðleik.</p>
	<p>Í spurningakistu er unnið með fjölbreyttar spurningar um eitthvað málefni. Miðar með spurningum eru settir í box/skál/kistu og nemendur draga sér miða. Hver miði inniheldur spurningu sem nemandi á síðan að svara. Þegar nemendur hafa lokið við að svara öllum spurningum þá skila þeir svörum til kennara og kennari les svörin síðan upp fyrir hópinn. Þessi vinna getur verið unnin undir nafni eða nafnlaust.</p>

	<p>Verkefni sem falla undir þessa útfærslu eiga það sameiginlegt að þau krefjast ákveðinnar framsagnar frá nemendum. Í þessum útfærslum er einnig unnið með mikla röksemdarfærslu og krefst góðrar hópvinnu af nemendum.</p>
	<p>Hér er átt við verkefni sem fela í sér einhverja ákveðna fræðslu sem er ekki í formi hefðbundinnar innlagnar. Fræðsluhorn fela í sér að nemendur læri um ákveðið viðfangsefni í návígi t.d. með skoðun eða snertingu.</p>
	<p>Hér er sett fyrir könnun eða próf. Könnunin getur verið krossar, eyðufyllingar, rétt/rangt, tengja saman, ritunarspurningar o.fl.</p>
	<p>Verkefnin sem falla undir þessa útfærslu eru ekki beinlínis verkefni heldur er frekar meiningin með þessu að styðjast við kveikjur í upphafi tíma eða leiki til þess að brjóta upp tímana.</p>

6.6. Þemu

Kynlíf

Í þessu þema er fjallað um kynlíf með hliðsjón af því hvernig umræða og birtingarmyndir um kynlíf eru í bókunum tveimur. Áhersla verður lögð á almenna umfjöllun um kynlíf, hvað þarf að hafa í huga áður, á meðan og á eftir að kynlíf er stundað. Kynlíf getur oft verið feimnismál og getur umræða í kringum kynlíf orðið erfið. En mikilvægt er að þessi umræða eigi sér stað, því með því að tala um kynlíf er hægt að koma í veg fyrir misskilning, ofbeldi, óraunhæfar kröfur og ýmsar mýtur sem eru til staðar um hvernig kynlíf eigi að vera. Þar sem kynlíf er aðaláherslu atriðið í bókunum þá má finna töluvert mikið af kveikjum varðandi alla umræðu um kynlíf.

Lykilhugtök: kynlíf, sjálfsfróun, rúnka, putta, munnmök, innsetning, fyrsta skiptið, fullnæging.

Kemur fyrir í eftirfarandi köflum:

KynVera: 1, 2, 5, 6, 7, 9, 11, 12, 14

Daði: 1, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 18, 19

Viðbótar fræðsluefni:

Vika 6 - Myndband, hvað er kynlíf? <https://www.ruv.is/ungruv/spila/vika-6/34459/a8k1li>

Sjúkást - Kynlíf: <https://sjukast.is/kynlif/kynlif/>

Kynfræðsluvefurinn - Kynlíf: <https://www1.mms.is/kyn/kynlif.php?id=500>

Gátlisti – Er ég tilbúin/n til að byrja að stunda kynlíf?: <https://menntastefna.is/tool/gatlisti-er-eg-tilbun-n-til-ad-byrja-ad-stunda-kynlif/>

Viltu mig - Norsk unglingasería um ungmenni og kynlíf:

<https://www.ruv.is/ungruv/spila/viltu-mig/34331/a7cvlh>

Hugmyndir að verkefna útfærslum:



Hugmyndir af umræðuspurningum:



Kynlíf - almennt:

- Hvað er kynlíf?
- Er kynlíf einungis innsetning lims í leggöng eða endaparm?
- Er gott að stunda kynlíf?
- Blæðir við kynlíf?
- Hvaða slæmu afleiðingar hefur klám á kynlíf og samskipti?
- Hvað er gott að gera áður en maður stundar kynlíf með öðrum?
- Hvenær veit maður hvort maður sé tilbúin/tilbúinn að stunda kynlíf?
- Er óþægilegt að tala um kynlíf við fullorðna? En foreldra?
- Af hverju er mikilvægt fyrir stelpur að pissa eftir kynlífi?
- Er það algengt að fólk reyni að sanna sig með kynlífi?
- Er kynlíf einkamál eða eitthvað sem maður ræðir við vini sína?
- Þarf maður að sanna fyrir einhverjum að maður hafi stundað samfarir?
- Hver er munurinn á ást og losta?
- Þegar maður segir hvað manni þykir gott og spyr hvað hinn aðilinn finnst gott er merki um ?
- Er það eðlilegt og heilbrigt að gefa kynlíf sem “gjöf”?
- Er í lagi að suða og pressa á manneskju í kynlífi?
- Hvað getur maður gert í staðinn fyrir að suða og pressa?
- Mörk eru mikilvæg í kynlífi. Hvernig setur maður mörk?
- Er í lagi að kyngja brundi?
- Er í lagi að fara í sleik beint eftir munnmök?
- Gilda sömu reglur fyrir stelpur og stráka í kynlífi?
- Má stunda kynlíf í sturtu eða baði?
- Hvað er drusluskömm?
- Skiptir það máli að sú eða sá sem maður er með hafi verið með einhverjum öðrum áður?
- Eru mismunandi kröfur gerðar til kynjanna í kynlífi?

Fullnæging:

- Fá báðir aðilar alltaf fullnægingu í kynlífi?
- Hvað þýðir það „að klára“?
- Miðast fullnæging eingöngu við brund?
- Hvað gerist ef maður fær það ekki?
- Er erfiðara fyrir stelpur að fá fullnægingu en stráka? (bls.115)
- Er eðlilegt að gera sér upp (feika) fullnægingu?
- Geta öll kyn gert sér upp (feikað) fullnægingu?

Fyrsta skiptið:

- Er það vont þegar typpið er sett inn í leggöngin, sérstaklega í fyrsta skiptið?
- Hver er rétta tímasetningin að stunda samfarir?
- Getur karlmaður fengið það um leið og typpið er sett inn í leggöng?
- Hvað gerist ef kk. fær ekki standpínu/nær honum ekki upp?
- Hvað gerir maður ef typpið kemst ekki inn?
- Helst smokkurinn alltaf á?
- Hvað gerist ef að smokkurinn rifnar?
- Hvað ef manni finnst ekki gott að stunda samfarir og maður fær það ekki?
- Hvað gerist ef hinn aðilinn fær það ekki?
- Hversu lengi er eðlilegt að endast?
- Hvað gerir maður við hendurnar á sér í samförum?
- Á maður að fara í margar stellingar?
- Hversu oft á maður að skipta um stellingar?
- Hvaða stellingar eru bestar?
- Hvað gerist ef maður prumpar í kynlífi?
- Hvað gerist ef maður þarf að pissa í miðju kynlífi?
- Þurfa báðir aðilar að vera naktir?
- Er nauðsynlegt að hafa tónlist og hvernig tónlist þá?
- Er einhver tími dags betri en annar?
- Hvað á maður að gera fyrst?
- Hvernig er að missa sveindóminn/meydóminn, gerist eitthvað?

- Sést það á fólki þegar það er ekki lengur hreinn/sveinn/hrein mey?

Skoða umfjöllun í bókum:

- Að rúnka öðrum bls. 139- 140, KynVera.
- Að putta stelpu bls. 149-151, KynVera
- Munnmök bls. 167, KynVera.
- Munnmök bls. 190-191, KynVera.
- Tékklisti fyrir kynlífi með annarri manneskju bls. 124: Daði.
- Fyrsta skiptið: Innsetning lims bls. 112-116, Daði.
- Munnmök bls. 107-110, Daði.
- Kröfur á kk. í kynlífi bls.152. og bls. 211.

Ástráður 

Ástráður er kynfræðslufélag sem rekið er af læknanemum. Félagið sérhæfir sig í fræðslu fyrir ungmenni um kynlíf, kynheilbrigði og samskipti. Hægt er að bóka fyrirlestra frá Ástráði í gegnum netfangið þeirra astradur@astradur.is.

Oft getur reynst erfitt að ræða um kynlíf við ungmenni og því er kjörið að fá fræðslu frá félagi eins og Ástráði þar sem meðlimir félagsins eru oft yngri en kennarinn. Því gæti myndast þægilegri stemning fyrir nemendur og nemendur orðið óhræddir við að spyrja spurninga sem þau myndu kannski ekki þora að spyrja kennarann sinn.

Tékklisti fyrir kynlíf 

Markmið verkefnisins er að nemendur útbúi tékklista fyrir kynlíf.

Nemendur eiga að skoða blaðsíðu 124 í *Daða*. Þar finna nemendur tékklista fyrir kynlíf með annarri manneskju. Þetta verkefni hentar vel eftir fræðslu sem nemendur hafa fengið hvort sem það er frá kennara eða gestafyrirlesara. Út frá fræðslu sem nemendur hafa fengið eiga þeir að útbúa sinn eigin tékklista fyrir kynlíf. Á tékklistanum þarf að koma fram hvað þurfi að vera til staðar áður en kynlíf hefst. Nemendur geta notað þá vitneskju sem þau fengu úr bókunum og/eða í gegnum fræðslu.

Tékklistinn þarf ekki að vera langur kannski 10-15 atriði. Nemendur mega skreyta tékklistann að vild og mega gera hann á stafrænu formi ef það hentar þeim betur.

Hugmyndir að áframhaldandi vinnu:

Hægt er að vinna áfram með þetta þema á marga vegu. Kynlíf er eitt af mikilvægustu hlutum kynheilbrigðis og því er mikilvægt að nemendur séu vel fróðir um það til þess að þeirra upplifanir verði sem bestar. Hér væri t.d. hægt að tengja þemað við t.d. *kynfæri og getnaðarvarnir og kynsjúkdómar*.

Hugmyndir að verkefnum:

Fræðslumyndbönd um hvað þarf að hafa í huga í kynlífi, heimasíða um kynlíf, kynningar um helstu atriði kynlífs, frekari gestafyrirlestrar t.d. Sigga Dögg, ritgerð um hvernig kynlíf birtist í bókunum *Kynveru og Daða* o.fl.

Kynfæri

Í þessu þema verður fjallað um kynfæri og líkamsstarfsemi þeirra með hliðsjón af því hvernig umræða og birtingarmyndir um það birtast í bókunum tveimur. Áhersla verður lögð á að greina kynfæri, sköpun þeirra og líkamsstarfsemi.

Í langflestum köflum bókanna má finna einhverja umræðu um kynfæri en þeir kaflar sem nýtast hvað best sem kveikjur eru kaflar 9 í *KynVeru* og kaflar 4, 6 og 9 í *Daða*.

Lykilhugtök: kynfæri, píka, typpi, sáðlát, sæði, brund, útferð, blæðingar, örvun, hárvöxtur, hreinlæti.

Kemur fyrir í eftirfarandi köflum:

KynVera: 1, 2, 5, 6, 8, 9, 11, 12, 13.

Daði: 1, 4, 6, 9, 19, 11, 12.

Viðbótar fræðslufni:

Mannlíkaminn - 6.kaflar:

<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/mannlikaminn/110/>

Menntamálastofnun - Alls kyns um kynþroskann:

<https://mms.is/namsefni/alls-kyns-um-kynthroskann-fraedslumynd-fyrir-midstig>

Kynfræðsluvefurinn - Viltu fræðast um líkama stelpna eða stráka?:

https://www1.mms.is/kyn/likaminn_opp haf.php

Heilsuvera- Kynfæri kvenna:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/kynheilbrigdi/kynthroski/kynthroski-stulkna/#KynfaeriKvenna>

Heilsuvera- Kynfæri karla:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/kynheilbrigdi/kynthroski/kynthroski-drengja/#KynfaeriKarla>

Hugmyndir að verkefna útfærslum:



Hugmyndir af umræðuspurningum:



Píkan:

- Hvernig er píkan? (hvar er hvar?)
- Hvað gerist þegar píkan örvast?
- Hvað er útferð og hvernig getur hún verið á litin?
- Hvar er snípurinn?
- Hvað gerist þegar píkan blotnar?
- Hvernig er best að þrifa píkuna?
- Er í lagi að stunda kynlíf á túr?

Typpið:

- Hvernig er typpið? (hvar er hvar?)
- Hvað gerist þegar typpið örvast?
- Hvað er standpína oft kölluð?
- Er eðlilegt að fá standpínu mörgu sinnum á dag?
- Hvað er sæði og hvernig er það?
- Hvernig verður sáðlát?
- Hvað er sæði oft kallað?
- Hvað er forhúð?
- Getur forhúð verið þröng?
- Getur forhúðin rifnað?
- Er mikilvægt að þrifa undir forhúðina?
- Er einhver ákveðin typpastærð?

Kynfæri - almennt:

- Er eðlilegt að skoða eigin kynfæri?
- Er eðlilegt að vera óöruggur að sýna öðrum kynfæri sín?

- Hár á kynfærum.. Er það eðlilegt eða ekki?
- Er eðlilegt að finna lykt/bragð af kynfærum og er eitthvað sem getur valdið mismunandi lykt/bragði?
- Hvernig hugar maður að hreinlæti þegar kemur að kynfærum og kynlífi?
- Hvernig er það að missa sveindóminn/meydóminn, gerist eitthvað?

Kynfærakönnun



Markmiðið með verkefninu er að svara stuttri könnun um líffærafræði kynfæra. Kennari semur könnun sem byggð er upp úr umræðuspurningunum og er 15-20 spurningar að lengd.

Hægt er að skipta könnuninni í:

- Krossaspurningar
- Eyðufyllingar
- Tengja saman

Dagana áður en könnunin er sett fram þarf kennari að vera búinn með innlögnum varðandi efnið. Innlögnin getur verið í formi fyrirlesturs eða myndbands en þarf að snúa að líffærafræði kynfæra. Nemendur eiga að útbúa sitt eigið glósublað (handskrifað A4) sem þeir mega síðan hafa með sér í könnunni.

Kynfærafróðleikur



Markmiðið með verkefninu er að nemendur útbúi plakát með myndum og skýringum af kynfærum. Unnið er bæði með sköpun og ritun í þessu verkefni.

Nemendum er skipt í 4 manna hópa (helst þar sem kynjahlutfallið er jafnt). Nemendur útbúa plakát þar sem öðru megin er fjallað um typpi og hinu megin er fjallað um píkur. Huga skal sköpunarþættinum í þessu verkefni sem og málfari og stafsetningu. Nemendur mega leita sér upplýsinga í bókunum, námsbókum (t.d. Mannslíkaminn) eða á netinu. Nemendum er gefin frjáls hendi varðandi hvernig sköpunin er og því eru nemendur hvattir til að nota textíl, liti, málningu o.fl.

Það sem er gott að komi fram:

- *Mynd/teikning af kynfæri þar sem merkt er inn á helstu hluta þeirra ásamt hlutverki þeirra.*
- *Skýringatextar um starfsemi (innri og ytri) kynfæranna og kynfærahluta.*
- *Fróðleikstextar um kynfærin, hárvöxt og vessa þeirra (vissir þú að...)*
- *Hvaða orð eru notuð yfir kynfærin?*
- *Hvað gerist við kynferðislega örvun?*
- *Hvað gerist við getnað?*

Hugmyndir að áframhaldandi vinnu:

Hægt væri að tala nánar um hreinlæti: kynfæri, líkamsvessa, föt, sængurver, hjálpartæki o.fl. (í bókunum er fjallað um hreinlæti hjá körlum, bls. 139-141 í *Daða* og hreinlæti hjálpartækja og pissa eftir kynlíf í 7. kafla í *KynVeru*)

Hreinlæti kynfæra kvenna:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/fyrirbyggjandi/smitvarnir/hreinlaeti-kynfaera-kvenna/>

Hreinlæti kynfæra karla:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/fyrirbyggjandi/smitvarnir/hreinlaeti-kynfaera-karla/>

..og/eða tengja saman t.d. við þemun: *Getnaðarvarnir og kynsjúkdómar.*

Kynhneigð

Í þessu þema er fjallað um kynhneigð með hliðsjón af því hvernig umræða og birtingarmyndir um kynhneigð eru í bókunum tveimur. Áhersla verður lögð á skilgreiningar, mismunandi kynhneigðir, kyn og hinseginleikann. Í bókunum má finna ágætar kveikjur að umræðu um kynhneigðir og hinseginleika almennt. Sérstaklega er hægt að nefna fyrstu þrjá kaflanna í *KynVeru* og kafla 2,3 og 5 í *Daða*. Þar eru bæði Vera og Daði að forvitnast um sína eigin kynhneigð ásamt því að komast að kynhneigð vina sinna.

Umræða um kynhneigðir og hinseginleika getur reynst erfið fyrir sum. Kennari þarf að hafa í huga að einhverjir nemendur gætu verið hinsegin hvort sem kennari veit það eða ekki. Því þarf umræða að vera nærgætin og jákvæð. Ákveðin orðræða getur haft neikvæð áhrif á nemendur, þá sérstaklega ef hún er niðrandi í garð ákveðna hópa, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað að hálfu kennarans. Til þess að koma í veg fyrir að kennari fari ekki fram úr sér er hann hvattur til þess að skoða fræðsluefni Samtakanna 78 sem finna má á otila.is.

Lykilhugtök: kynhneigð, hinseginleiki, kyn, skilgreiningar, óvissa.

Kemur fyrir í eftirfarandi köflum:

KynVera: 1, 2, 3

Daði: 2, 3, 4, 5, 6, 18

Viðbótar fræðsluefni:

Ástráður- LGBTQIA+ : <https://www.astradur.is/lgbtqia>

Hinsegin frá ö-a - Kynhneigð: <https://otila.is/hinsegin-regnhliffin/kynhneigd/>

Kynjakakan þín: <https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-03/Kynjakaka%20%C3%ADsl.png>

Rósalín - Stuttmynd frá S78: https://www.youtube.com/watch?v=6prIHYDR_u0

Hinseginleikinn þættir frá RÚV -<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/hinseginleikinn/26632>

Klukkan Sex - Hinsegin, hlaðvarp frá ungrúv: <https://www.ruv.is/ungruv/spila/klukkan-sex/31424/9blr06>

Úrræði fyrir nemendur:

Hinsegin félagsmiðstöð: <https://tjornin.is/tjornin-unglingasvid-10-17-ara/hinseginfelagsmidstod/um-hinseginfelagsmidstod/>

Samtökin 78:

<https://samtokin78.is/>

Hugmyndir að verkefna útfærslum:



Hugmyndir af umræðuspurningum:



Kynhneigð:

- Hvað er kynhneigð?
- Hvað er samkynhneigð?
- Hvað er tvíkynhneigð?
- Er eðlilegt að hafa ekki áhuga á ástinni eða laðast ekki að neinum?
- Er hægt að vera í sambandi án þess að stunda kynlíf?
- Hvað kallast það þegar einstaklingar kjósa að sleppa eða hafa ekki löngun til þess að stunda kynlíf?

Skilgreiningar:

- Þarf maður að velja annað hvort kynið til að laðast að?
- Þurfa allir að skilgreina sig?
- Þarf maður að drífa sig í því að skilgreina sig þegar allir aðrir eru búnir að því?
- Er eðlilegt að vera óviss um hvernig maður vill skilgreina kynhneigð sína?
- Er eðlilegt að velta því fyrir sér að prófa að vera með einstaklingi af sama kyni?

Sambönd við aðra:

- Að prófa sig áfram í sleik með vini/vinkonu af sama kyni hefur það áhrif á kynhneigð?
- Er eðlilegra að vinkonur fari í sleik en vinir?

- Er það framhjáhald ef það er með sama kyni?
- Mega strákar knúsa hvorn annan?
- Er í lagi að hugsa um vini sína í sjálfsfróun?
- Ef að strákur grípur í typpið á vini sínum er hann þá hommi?

Hinseginfræðsla frá Samtökunum 78.



Markmið með þessu verkefni er að nemendur fræðist um hinseginleika frá aðila sem er fagaðili í þessu málefni.

Umræða í kringum viðkvæm málefni líkt og hinseginleika getur orðið erfið fyrir bæði nemendur og kennara. Samtökin 78 bjóða grunnskólum upp á margskonar fræðslu sem kennarar geta bókað í gegnum heimasíðuna þeirra. Fræðslan er ekki dýr og eru samtökin með fræðslusamning við sum sveitarfélög og þurfa skólar innan þeirra sveitarfélaga ekki að greiða fyrir fræðslu.

Utanaðkomandi fræðsla geta verið spennandi fyrir nemendur þar sem slíkt brýtur upp hversdagslega skóladaga. Einnig er það líklegra að fyrirlesarar Samtakanna 78 séu fróðari í mállefnum sem fjallað er um í þemanu heldur en kennarinn sjálfur.

Hinsegin hlaðvarp



Markmið verkefnisins er að nemendur útbúi fræðsluhlaðvarpsbátt um kynhneigðir.

Nemendur eiga að setja sig í spor Róberts eða Veru. Nú eru þau bæði að efast um kynhneigð sína og vita ekki hvernig sé best að skilgreina sig eða þær upplifanir sem þau áttu. Það er algengt að efast um kynhneigð sína og hvernig maður kýs að skilgreina sig. En þetta getur verið flókið ferli.

Það sem nemendur eiga að gera er að afla sér upplýsinga um mismunandi kynhneigðir t.d. á otila.is eða annars staðar. Nemendur eiga svo að taka upp stutt hlaðvarp þar sem rætt er um mismunandi kynhneigðir og svara ýmsum spurningum sem koma oft upp í huga manns. Nemendur eiga að nýta sér frásagnir sem birtast í *Kynveru* eða *Daða* til þess að fá

innblástur um spurningar. Einnig mega þau svara þeim spurningum sem þeim dettur í hug að svara um kynhneigðir.

Hlaðvarpið á að vera a.m.k. 10 mínútur og að hámarki 30 mínútur. Hlaðvarpið þarf að vera vel undirbúið og er gert ráð fyrir að nemendur skrifi niður handrit eða umræðupunkta sem þau munu tala um í hlaðvarpi sínu. Nemendur þurfa að muna að gæta að málfari og nærgætni í umræðu um þetta málefni.

Hugmyndir að áframhaldandi vinnu:

Líkt og með önnur þemu er hægt að vinna töluvert áfram með þetta þema og eru hugmyndirnar hér að ofan alls ekki tæmandi listi.

Hugmyndir að frekari verkefnum

Hægt væri að nota spurningakistu, fræðslumyndbönd, búa til hinsegin orðabók, skrifa hugleiðingu um hvernig kynhneigðir birtast í sögunum tveimur o.fl.

Blæðingar

Í þessu þema verður fjallað um blæðingar með hliðsjón af því hvernig umræða og birtingarmyndir um blæðingar eru í bókunum tveimur. Áhersla verður lögð á hvað blæðingar séu, hvernig þær virka og hvernig umræðan í kringum blæðingar er. Blæðingar geta verið viðkvæmt fyrirbrigði og eiga sumir erfitt með að tjá sig um þetta málefni, þetta á oft við um stráka. En slík feimni kemur oft út frá vanþekkingu á blæðingum og hvað þær séu.

Í nokkrum köflum í bókunum má finna ágætis kveikjur að umræðu um blæðingar og orðræðuna í kringum þær. Þeir kaflar sem nýtast samt hvað best sem kveikjur eru kaflar 8 í *KynVeru* þegar Vera byrjar á blæðingum og kaflar 6 í *Daði* þegar mamma hans fræðir hann um blæðingar. Þegar rætt er um þetta þema þarf umræðan að vera á fræðilegu nótunum en samt þannig að blæðingar séu ekki málaðar upp sem eitthvað feimnismál.

Lykilhugtök: Blæðingar, kynþroski, tíðahringur, samskipti, dömubindi, túrtappi, álfabíkar, túrnærbuxur

Kemur fyrir í eftirfarandi köflum:

KynVera: 5, 6, 8, 9

Daði: 6, 11

Til viðbótar við kaflanna er gott að styðjast við viðbótar fræðsluefni annars staðar frá:

Heilsuvera - Blæðingar:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/kynheilbrigdi/kynthroski/kynthroski-stulkna/#Blaedingar>

Ástráður - Kynþroski:

<https://www.astradur.is/kynthroski>

Myndband um blæðingar (á ensku):

<https://vimeo.com/250444007>

Myndband um tíðahringinn:

https://www1.mms.is/kyn/likaminn_st.php?id=330

What does the period blood mean? <https://www.medicalnewstoday.com/articles/324848>

Hugmyndir að verkefna útfærslum:



Hugmyndir af umræðuspurningum:



○ **Hvað eru blæðingar?**

- Hvað veldur blæðingum?
- Hvernig lítur túrblóð út?
- Hvað gerist fyrir blæðingar?
- Hvað er útferð?
 - Er hún alltaf eins?
- Eru blæðingar eins hjá öllum?
- Hvers vegna eiga túrverkir sér stað?

Hvernig virka blæðingar?

- Hvað gerist þegar blæðingar eiga sér stað?
- Hvað endast þær lengi?
- Hvað er tíðahringur?
- Hvenær byrja blæðingar?
- Hvað kemur mikið blóð?
 - Hvernig kemur blóðið?
- Hvað er hægt að nota á blæðingum?
- Hvaða tíðavörur eru til?
- Hvað er bleikur skattur?
- Má fara í sund á blæðingum?
- Má stunda kynlíf á blæðingum?
- Má hreyfa sig á blæðingum?

- Stoppa blæðingar eðlilegt líf?

Umræða í kringum blæðingar

- Er eðlilegt að tala um blæðingar?
- Er óþægilegt að tala um blæðingar?
 - Af hverju?
 - Er það misþægilegt eftir manneskjum?
- Er það feimnismál að vera á blæðingum?
- Er túrblóð ógeðslegra en t.d. brund?
- Er maður minna þroskaður ef maður er ekki byrjaður á blæðingum?
- Er í lagi að grínast með túr?
- Mega sum grínast en önnur ekki?

Hvað er tíðablóð?



Markmiðið með innlögninni er að nemendur öðlist skilning á hvað blæðingar eru og hvernig eftirfarandi þættir tengjast blæðingum.

- tíðahringur
- blóðmagn
- áferð
- lykt
- litur

Gott er að hafa viðbótar fræðsluefnið til hliðsjónar þegar innlögnin er skipulögð. Innlögnin getur verið á forni fyrirlesturs eða myndbanda. Þessa innlögn má svo enda með því að opna á umræður og þræða þannig saman innlögninni við umræðuspurningar.

Blæðingabyltingin



Markmiðið með verkefninu er að nemendur útbúi aðstöðu inná klósetti eða við klósett þar sem aðrir nemendur hafa frían aðgang að tíðarvörum.

Nemendur eiga að útbúa tillögu sem þau munu afhenda skólastjóranum sínum. Tillagan má endilega vera í forni plakats eða bæklings. Tillagan þarf að vera grípandi og áhugahvetjandi. Í tillögunni verður eftirfarandi að koma fram:

- Hvað eru blæðingar?
- Hvað eru tíðarvörur?
- Mikilvægi þess að hafa frían aðgang að tíðarvörum.
 - Hægt að skoða period project á ensku eða period poverty.

Í tillögu skal gæta að málfari og stafsetningu. Nemendur mega leita sér upplýsinga í bókunum eða á netinu. Ef nálgast er upplýsingar af netinu þarf að muna að geta til heimilda.

Þegar tillagan er komin mun kennari aðstoða nemendur sína að afhenda skólastjóra tillögu sína. Ef skólastjóri samþykkir þessa tillögu hefst annað skref í verkefninu.

Þegar samþykki frá stjórnanda er komið hefjast nemendur handa að útbúa bás eða stand þar sem nemendur geta nálgast tíðavörur. Nemendum eru gefnar frjalsar hendur í hvernig uppsetning á básnum eða standinum er. En tilgangurinn þarf að vera skýr. Hægt er að skreyta básinn með upplýsingum um blæðingar eða upplýsingum um mismunandi tíðavörur.

Tíðavörur

Markmiðið með verkefninu er að nemendur skoði mismunandi tíðavörur og læri á notkun þeirra.

Listi yfir tíðavörur:

- *dömubindi (einnota og fjölnota)*
- *túrtappar í mismunandi stærðum (með eða án innsetningaráhaldi).*
- *túrbikar/álfabikar*
- *túrnærbuxur*
- *innlegg*
- *tíðasvampur (menstrual sponge).*

Kennari er með innlögnum um hverja tíðavöru fyrir sig þar sem hann fer yfir;

heiti tíðavöru, notkun hennar, hversu lengi má nota vöruna hverju sinni, hvað maður gerir við vöruna eftir notkun (þrif/förgun) og hvað ber að varast við notkun slíkra vara. Kennari lætur vörunar ganga og nemendur fá tækifæri að skoða og koma við og þeir hvattir til að spyrja eins mikið og þeim listir. Hægt er að brjóta hefðbundið kennslufyrirkomulag með því að láta nemendur sitja í stórum hring.

Hugmyndir að áframhaldandi vinnu:

Hægt væri að samtvinna þetta þema við önnur þemu t.d. *kynlíf eða kynfæri*.

Hugmyndir að frekari verkefnum:

Hægt væri að útbúa plaköt með upplýsingum um blæðingar, hægt væri að útbúa fræðsluhlaðvarp um blæðingar sem mögulega gæti verið ætlað þeim sem eru að byrja á blæðingum í fyrsta skipti o.fl.

Sjálfsfróun

Í þessu þema verður fjallað um sjálfsfróun með hliðsjón af því hvernig umræða og birtingarmyndir um sjálfsfróun eru í bókunum tveimur. Áhersla verður lögð á hvað, hvernig, hvers vegna sjálfsfróun er stunduð.

Í bókunum má finna ágætis kveikjur að umræðu um sjálfsfróun en kafli 5 í *KynVeru* og kafli 6 í *Daða* eru sérstaklega ítarlegir. Í þeim köflum eru þau bæði að prófa sig áfram í sjálfsfróun og eru greinargóðar lýsingar á því hvernig sjálfsfróun fer fram í þessum köflum.

Lykilhugtök: Sjálfsfróun, hjálpartæki, sleipiefni, kynþroski.

Kemur fyrir í eftirfarandi köflum:

KynVera: 4, 5, 6, 7

Daði: 3, 4, 6, 7, 11, 14,

Viðbótar fræðsluefni:

Ástráður - Sjálfsfróun:

<https://www.astradur.is/sjalfsfroun>

Heilsuvera - Sjálfsfróun:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/kynheilbrigdi/kynlif/sjalfsfroun/>

Sjúkást - Sjálfsfróun og þekkja eigin mörk:

<https://sjukast.is/herferd/herferd-2020/>

Vika 6 - Myndband um sjálfsfróun:

https://vimeo.com/420343631?embedded=true&source=vimeo_logo&owner=20931709

Hugmyndir að verkefna útfærslum:



Hugmyndir af umræðuspurningum:



Hvað er sjálfsfróun:

- Er sjálfsfróun kynlíf?
- Hvernig fróa stelpur sér? (KynVera bls. 53-64 og 72-75).
- Hvernig rúnka strákar sér? (Daði 65-70)
- Að fróa og rúnka er það sami hluturinn?
- Þarf maður að vera byrjaður á blæðingum til að fróa sér?
- Þarf maður að vera byrjaður að brunda til að rúnka sér?
- Hvað tekur það langan tíma að fróa sér?
- Stunda stelpur ekki líka sjálfsfróun?

Hvað á maður að gera?:

- Um hvað hugsar maður þegar maður fróar sér?
- Þarf maður að eiga hjálpartæki til að fróa sér?
- Á maður að pissa eftir sjálfsfróun líkt og eftir samfarir?
- Er eðlilegt að rúnka sér einu sinni, stundum tvisvar eða oftar á dag?
- Er eðlilegt að sleppa því að stunda sjálfsfróun?
- Er hættulegt ef maður rúnkar sér oft? Er hægt að skemma eitthvað?
- Er það barnalegt að stunda ekki sjálfsfróun?
- Er hættulegt að stunda ekki sjálfsfróun?
- Af hverju er sniðugt að rúnka sér með smokk?

Hvar og hvenær?

- Er í lagi að fróa sér fyrir framan aðra manneskju?

- Er í lagi að fróa sér í baði?
- Er í lagi að fróa sér í sturtu?
- Er í lagi að rúnka sér inn á klósetti í skólanum?
- Er perralegt að rúnka sér fyrir framan aðra í sturtu eftir sund?
- Er óþægilegt þegar einhver labbar inn á mann vera fróa sér?

Umræða um sjálfsfróun:

- Er eðlilegra að tala um sjálfsfróun karla en kvenna?
- Af hverju er betra að læra á eigin líkama fyrst áður en maður fróar öðrum?
- Verða stelpur oft vandræðalegar þegar strákar tala um sjálfsfróun?

Hvað er sjálfsfróun?



Markmið með verkefninu er að nemendur undirbúi kappræður eða málstofu um sjálfsfróun.

Í bókunum eru persónur að velta fyrir sér ástæðu þess hvers vegna eðlilegra sé að strákar tali opinskátt um sjálfsfróun heldur en þegar stelpur tali um það. Hvers vegna ætli það sé? Er það rétt? Þessi umræða persóna er sérstaklega áberandi í kafla 4 í *KynVeru* þegar stelpurnar eru að ræða í tíma um jafnrétti kynjanna. Í kafla 6 í *Daða* er hann að velta fyrir sér svipaðri spurningu í einni af færslum hans í rúnkdagbókinni sinni.

Kennari skiptir bekknum niður í hópa. Í hópunum eiga að vera u.þ.b. 4-5 nemendur. Þannig að í bekk með t.d. 24 nemendum verða 6 hópar. Kennari þarf að gæta þess að hópafjöldi sé slétt tala. Hóparnir eiga helst að innihalda mismunandi kyn svo mismunandi sjónarhorn séu til staðar í vinnunni. Umfjöllunarefni málstofunnar verður „Er eðlilegra að eitt kynið tali opinskárri um sjálfsfróun en annað?“ Hóparnir draga miða með ákveðinni afstöðu hjá kennaranum. Annað hvort verða hóparnir með eða á móti.

Hóparnir eiga að útbúa rök sem eiga við þá afstöðu sem þau drógu. Rök hópanna þurfa að vera vel rökstutt og verður að gæta vel að málfari. Rök geta verið fengin af netinu eða úr bókunum. Hóparnir þurfa að passa að hver og einn í hópunum hafi hlutverk þ.e. einn liðsstjóri, einn frummælandi, einn meðmælandi og einn stuðningsmaður. Hægt væri að

sýna nemendum dæmi um kappræður með því að sýna hluta úr MORFÍS keppnum. Kennari þarf að útskýra fyrir hópum hvernig málvenja og málfar er í slíkum keppnum t.a.m. hefjast ræður, eða upphafsræðan, nánast undantekningarlaust á „Fundarstjóri, dómarar, andmælendur og góðir gestir“. Einnig þarf kennari að útskýra fyrir nemendum að gott sé að hópunum detti í hug nokkur rök sem andmælendur þeirra gætu haft og komið með mótsvör gegn þeim.

Hóparnir fá 3-5 kennslustundir til þess að undirbúa rök sín og ræður. Ræður hvers og eins nemenda á að vera í kringum 2-3 mínútur og svo verður gefin tími í mótsvör. Einnig verður veitt svigrúm fyrir nemendur að æfa ræður sínar á skólatíma. Málstofan verður síðan haldin eftir þennan tíma. Fjöldi tíma sem fer í málstofuna ræðst eftir hópafjölda. Gert er ráð fyrir því að hver málstofa taki u.þ.b. 30-40 mínútur.

Sjálfsfróun í bókunum

Markmið með verkefninu er að nemendur skrifi hugleiðingu um birtingarmyndir sjálfsfróunar og umræðu í kringum hana í bókunum.

Nemendur eiga að afla sér upplýsingar úr þeirri bók sem þau lásu hvort sem það var *KynVera* eða *Daði*. Hugleiðingin á að vera um 200-300 orð. Þetta er einstaklingsverkefni. Í hugleiðingunni þurfa nemendur að snerta á einhverri af eftirfarandi spurningum. Þau mega snerta á einni þeirra eða öllum ef þau vilja. Spurningarnar eru í engri sérstakri röð.

- Hvað er sjálfsfróun?
- Er sjálfsfróun kynlíf?
- Af hverju er betra að læra á eigin líkama fyrst áður en maður fróar öðrum?
- Er það barnalegt að stunda ekki sjálfsfróun?
- Er hættulegt að stunda ekki sjálfsfróun?
- Má tala við hvern sem er um sjálfsfróun?
- Mega öll fróa sér?

Athugið að þetta eru einungis hugmyndir af spurningum sem geta komið fram í hugleiðingum og er kennara frjálst að bæta við eða sleppa einhverjum af þessum spurningum. Í hugleiðingunni eiga nemendur að nýta sér bækurnar sem sína helstu heimild og eru nemendur hvattir til þess að nota tilvitnanir úr bókunum sér til stuðnings.

Það gæti verið áhugavert fyrir kennara að fá nemendur sem lásu *Daða* skiptast á hugleiðingum við nemendur sem lásu *KynVeru*. Hægt væri að fá 2 nemendur til að skrifa í sameiningu nýja hugleiðingu þar sem þau bera saman hvað þau skrifa út frá *KynVeru* og öfugt.

Hugmyndir að áframhaldandi vinnu:

Sjálfsfróun er allskonar og er hægt að vinna áfram með þemað á margskonar vegu. Hægt væri t.d. að samtvinna þetta þema við þemað *Kynlíf*.

Hugmyndir af verkefnum:

Fræðslumyndbönd, plaköt, rannsóknir, innlagnir o.fl.

Mörk

Í þessu þema verður fjallað um mörk með hliðsjón af því hvernig umræða og birtingarmyndir um mörk eru í bókunum tveimur. Áhersla verður lögð á hvað mörk eru og hvernig samskipti og samþykki hafa mikil áhrif. Að setja sér mörk og virða mörk annarra er mjög mikilvægt og því er þetta áriðandi málefni þegar kemur að kynfræðslu. Í bókunum má finna ágætis kveikjur að umræðu um mörk, samskipti, samþykki, að vera tilbúin/n/ð, pressu, mismunandi langanir og upplifanir. Þegar rætt er um mörk er mikilvægt að leggja mikla áherslu á samskipti og samþykki.

Lykilhugtök: Mörk, samþykki, samskipti, virðing, pressa, langanir, upplifanir.

Kemur fyrir í eftirfarandi köflum:

KynVera: 1, 2, 9, 11, 12, 14, 15.

Daði: 7, 9, 10, 15, 16, 17, 18, 19, 20.

Viðbótar fræðsluefni:

Til viðbótar við kaflanna er gott að styðjast við fræðsluefni annars staðar frá:

Sjúkást - Myndbönd úr herferð 2023:

<https://sjukast.is/>

Sjúkást - myndbönd úr herferð 2018:

<https://sjukast.is/herferd/herferd-2018/>

Sjúkást - Mörk:

<https://sjukast.is/heilbrigd-sambond/mork/>

Heilsutorg - Setjum mörk:

<https://www.heilsutorg.is/is/frettir/setjum-mork>

Stígamót - Hvað eru mörk?:

<https://stigamot.is/klamspjall2/barn/hvad-eru-mork/>

Fáðu Já - Stuttmynd

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/ofbeldi-gegn-bornum-fraedsluefni/fadu-ja/>

Mannasiðir - Kvikmynd

Hugmyndir að verkefna útfærslum:



Hugmyndir af umræðuspurningum:



Að setja sín mörk og virða mörk annarra:

- Hvað eru mörk?
- Hvernig setur maður mörk?
- Hvernig kemst maður að mörkum annarra?
- Hvernig virðir maður mörk annarra?
- Þegar talað er um mörk, er það alltaf af kynferðislegum toga?

Samskipti:

- Hvernig eiga skýr samskipti að vera?
- Hvað getur maður gert til að vera fullviss um að samskiptin séu góð og greinilegt samþykki sé fyrir öllu sem á sér stað?
- Er í lagi að segja manneskju til í kynlífi?

Samþykki:

- Hvernig fær maður samþykki í kynlífi?
- Ef að hinn aðilinn segir já er það þá samþykki?
- Hvað er þvingað samþykki?
- Að þora ekki að segja nei og segja já.. Er það þvingað samþykki?
- Hvaða áhrif getur þvingað samþykki haft á einstaklinga?
- Er í lagi að grípa í kynfæri einhvers í leyfisleysi?

- Ef maður hefur fengið að gera eitthvað einu sinni með öðrum aðila, hefur maður þá rétt á að gera það aftur þegar manni hentar?

Mismunandi upplifanir:

- Er möguleiki á að maður átti sig ekki á sjónarhorni annarra?
- Getur verið að maður sé að pressa of mikið?
- Getur verið að einhver sé að pressa of mikið á þig?
- Getur maður verið fastur í eigin upplifun?
- Getur verið að maður hlusti stundum ekki nógu vel?

Að vera tilbúin/tilbúinn:

- Sá/sú sem talar mikið um kynlíf eða er áhugasöm/samur/samt um kynlíf, er hann þá tilbúin/n/ð til í að stunda kynlíf?
- Ef maður hefur verið tilbúin/n/ð fyrir kynlíf áður er þá þar með sagt að maður alltaf tilbúin/n/ð til þess?

Pressa:

- Er eðlilegt að upplifa sig þurfa að gera eitthvað til að sanna hrifningu?
- Ef maður eru skotinn eða hrifinn þýðir það þá að maður vilji endilega gera eitthvað strax?
- Ef að vinir eru farnir að stunda kynlíf átt þú þá líka að vera stunda kynlíf?
- Er skrytið að vilja ekki stunda kynlíf?

Fræðslumyndband



Markmiðið með verkefninu er að nemendur útbúi fræðslumyndband þar sem þau fjalla um mörk.

Kennari sýnir nemendum sínum örmyndbönd sem fyrirtæki eða samtök hafa útbúið. Hér væri t.d. hægt að sýna myndbönd sem Vika6 hefur gert eða Sjúkást. Kennari útskýrir að nemendur eiga að útbúa sín eigin myndbönd sem eiga að fjalla um mörk og samþykki. Nemendur geta notað aðstæður sem birtust þeim í bókunum sem innblástur fyrir

myndböndin sín t.d. væri hægt að nota tilvitnanir úr kafla 14 í Veru. Nemendum er skipt í hópa. Í hóp eiga að vera 3 saman, en í undantekningartilfellum mega vera 4 saman í hóp. Allir í hópnum eiga að hafa ákveðið hlutverk þegar kemur að upptökum t.d. er einn upptökumaður, einn eða tveir sem tala og svo einn sem sér um tækniatriði eins og klipp, bakgrunn eða hljóð.

Nemendur eiga að útbúa handrit fyrir myndböndin sín og bera þau undir kennara áður en upptökur hefjast. Nemendum eru gefnar frjálssar hendur þegar kemur að handritsskrifum og eru hvött til þess að nýta sér það málfar sem þau telja að henti best í myndbandi sínu. Myndböndin eiga að vera að hámarki ein mínúta.

Nemendur sjá alfarið sjálfir um hvernig útlit á myndbandinu sé og hvernig það er klippt o.fl.. Kennari verður þeim til halds og trausts ef þeim vantar hjálp við handritsskrif eða myndvinnslu. Gott væri fyrir kennara sem ekki eru með mikla þekkingu á því sviði að finna t.d. upplýsingatækni kennara til þess að hjálpa nemendum í myndvinnslu.

Spurningakista



Markmiðið með verkefninu er að nemendur dragi miða úr „spurningakistu“ og svari spurningunni sem stendur á miðanum, búi til dæmi um aðstæður og færi rök fyrir skoðun sinni. Svörin eru lesin nafnlaust af kennara.

Kennari velur vel valdar spurningar úr umræðuspurningabunkanum. Þessar spurningar verða síðan settar í einhverskonar kistu eða box. Miðarnir eru ca. A6 að stærð þ.e. A4 blaði er skipt í fernt. Kennarinn skrifar spurningu sem hann hefur valið á hvern miða og skilur eftir nóg pláss til þess að nemendur geti svarað spurningunum beint á blaðið.

Spurningarnar verða að vera opnar spurningar sem bjóða ekki upp á bein já eða nei svör.

Nemendur draga svo miða úr kistunni hjá kennara og er þeim gefinn tími til þess að mynda sér skoðun og svara spurningunni á miðann. Kennari gengur svo um og tekur spurningarnar aftur og setur í kistuna. Kennari mun svo lesa spurningarnar og svörin upphátt fyrir bekkinn. Í kjölfar mun hann bjóða upp á tíma fyrir umræður. Kennari má spyrja bekkinn um þeirra álit eða hvað þeir höfðu svarað og biður nemendur um að setja sig í ákveðnar aðstæður sem spurningin gæti átt við um.

Hugmyndir að áframhaldandi vinnu:

Góðar umræður geta leitt okkur áfram á mjög fjölbreytta vegu og því er það ekki meitlað í stein að vinna með efnið á ofantalinna hátt. Gott væri t.d. að samtvinna þetta þema við þemur *Kynlíf eða sambönd*.

Hugmyndir um önnur verkefni

Klípusögur um mörk og samskipti, málstofur um mörk, hlutverkaleiki um mörk, gera plaköt um mörk, skrifa ritgerð um hvernig mörk og samskipti birtast í bókunum tveimur o.fl.

Getnaðarvarnir og kynsjúkdómar

Í þessu þema verður fjallað um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma með hliðsjón af því hvernig umræða og birtingarmyndir um slíkt birtist í bókunum tveimur. Áhersla verður lögð á hvað, hvernig og hvers vegna getnaðarvarnir eru notaðar. Einnig verður lögð áhersla á hvað kynsjúkdómar eru, hvernig þeir eru greindir og hvernig megi fyrirbyggja kynsjúkdómasmit með notkun getnaðarvarna. Í bókunum má finna ágætis kveikjur að umræðu um bæði getnaðarvarnir og kynsjúkdóma. Í kafla 8 í *Daða* er fjallað um klamydíu þegar hann fær bréf þess efnis að hann gæti mögulega verið smitaður af klamydíu. Í kafla 9 í *Daði* er Daði og Stella að fara stunda samfarir. Kaflinn inniheldur góðar leiðbeiningar um hvernig setja eigi smokk á. Þessir tveir kaflar ættu því að nýtast vel sem kveikjur varðandi getnaðarvarnir og kynsjúkdóma. Kafli 12 í *KynVeru* gæti einnig reynst góð kveikja þar sem Vera er að velta fyrir sér notkun smokks.

Lykilhugtök: getnaðarvarnir, kynsjúkdómar, smokkur, pillan, klamydía

Kemur fyrir í eftirfarandi köflum:

KynVera: 4, 9, 12

Daði: 1, 6, 8, 9

Viðbótar fræðsluefni:

Heilsuvera - Getnaðarvarnir:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/kynheilbrigdi/getnadarvarnir/getnadarvarnir/>

Ástráður - Getnaðarvarnir: <https://www.astradur.is/getnadarvarnir>

Lyfja - Af hverju þarf getnaðarvarnir?:

<https://www.lyfja.is/fraedsla/fraedslugreinar/sjukdomar-og-kvillar/af-hverju-tharf-getnadarvarnir>

Kynfræðsluvefurinn - Getnaðarvarnir: <https://www1.mms.is/kyn/varnir.php?id=600>

Domus Læknar- Getnaðarvarnarpillan: <https://domuslaeknar.is/getnadarvarnarpillan/>

Heilsuvera - Kynsjúkdómar: <https://www.heilsuvera.is/markhopar/sjukdomar-fravik-einkenni/kynsjukdomar/>

Húðlæknastöðin - Kynsjúkdómar: <https://dev.hls.is/kynsjukdomar/>

Landspítalinn - Göngudeild húð- og kynsjúkdóma: <https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/gongudeild-hud-og-kynsjukdoma/>

Hugmyndir að verkefna útfærslum:



Hugmyndir af umræðuspurningum:

Getnaðarvarnir:

- Hvaða getnaðarvarnir eru til?
- Er notkun getnaðarvarna á ábyrgð beggja aðila?
- Taka strákar meiri ábyrgð ef þeir að nota smökk í stað þess að treysta bara á pilluna sem stelpa tekur?
- Hvað er pillan, hvað gerir hún og hverjir eru kostir og gallar við hana?
- Er til pilla fyrir stráka?
- Hvernig virkar smökkurinn?
- Er bragð og lykt af smökkum?
- Hvað gerir smokka „slímuga“?
- Helst smökkurinn alltaf á í samförum?
- Hvað gerist ef hann rifnar í samförum?
- Hvenær er best að æfa sig að setja smökkinn á?

Kynsjúkdómar og kynlíf:

- Hvernig smitast kynsjúkdómar?
- Þurfa bólur undir forhúð að þýða að strákur sé með kynsjúkdóm?
- Getur einstaklingur sem aldrei hefur stundað samfarir smitast af kynsjúkdómum í gegnum munnmök?
- Er hægt að nota verjur við munnmök?

Klamydía:

- Hvernig er klamydía?
- Hvernig er klamydía greind?
- Er hægt er að fá klamydíu í hálsinn?
- Er klamydía hættulegur kynsjúkdómur?
- Ef maður smitast af klamydíu er þá aldrei hægt að losna við hana?
- Skemmir klamydía typpið?
- Skemmir klamydía píkuna?
- Ef maður smitast af klamydíu er þá aldrei hægt að stunda kynlíf aftur?
- Svíður manni í typpið eða píkuna og er það eins og þissa rakvélarblöðum þegar maður er smitaður af klamydíu?
- Hvaða lyf tekur maður við klamydíu?
- Hvað gerist ef maður tekur lyf við klamydíu og fylgja lyfjunum einhverjar aukaverkanir?

Klamydíuklípa



Markmið verkefnisins er að nemendur ræði saman í hópum um kynsjúkdóma og forvarnir.

Nemendur eru látnir lesa blaðsíður 94-99 í *Daða* þar sem Daði ræðir „klamydíubréfið“ við mömmu sína.

Kennari skiptir bekknum niður í 4 manna hópa. Eftir það varpar kennari nokkrum spurningum fram. Nemendur eiga að ræða sama og skrifa niður sín svör og pælingar úr kaflanum.

- Hvað hefðir þú gert í þessari stöðu?
 - Hefðir þú gert eins og Daði og talað um þetta opinskátt við foreldri þitt?
- Hafðir þú heyrt um klamydíu áður?
- Hvað er best að gera í þessari stöðu?
- Er hægt að koma í veg fyrir svona aðstæður?

Eftir að nemendur eru búnir að svara þessum spurningum biður kennara nemendur um að hóparnir skipti sér upp þannig að enginn úr sama hóp verði aftur saman í hóp. Þegar nemendur eru búnir að finna nýju hópanna sína á hver og einn að segja stuttlega frá umræðunum sem áttu sér stað í gamla hópnum þeirra. Þegar því er lokið eiga hóparnir að

ræða um sömu spurningar og kennari varpaði fram, ásamt því að ræða um þælingar sem þau höfðu eftir lesturinn.

Gettu getnaðarvörnina! 

Fyrir tímann er kennari búinn að útbúa miða með annars konar myndum af mismunandi getnaðarvörnum og hins vegar miðum með nokkrum upplýsingum um getnaðarvörnina án þess að segja nákvæmlega hver getnaðarvörnin er. Hver og einn nemandi dregur miða og fer og stendur í hring. Svo þegar allir nemendurnir eru komnir með miða þá eiga nemendurnir að fara að leita af hinum helmingnum sínum þ.e. þann sem er með myndina eða lýsinguna sem vantar við sinn miða. Svo þegar öll pörin eru búin að finna hvort annað þá á allur hópurinn í sameiningu að raða sér upp í línu eftir því hvaða getnaðarvörn sé með bestu virknina.

Þegar nemendur eru búnir að raða sér upp spyr kennari nemendur sína nokkra spurninga:

- Af hverju þau ákváðu að raða sér upp á þann hátt sem þau gerðu?
- Hvort þau kannist við þær getnaðarvarnir sem hann gaf nemendum?
- Hvort þau telji að þau myndu raða sér upp á sama hátt ef þau ættu að raða sér upp eftir vörn gegn kynsjúkdómum?

Hugmyndir að áframhaldandi vinnu:

Hægt væri að samtvinna þetta þema við t.d. kynlíf og kynfæri.

Hugmyndir að frekari verkefnum:

Hægt væri að gera svipað og gert var í blæðingum og haft vörukynningu á mismunandi getnaðarvörnum, einnig væri hægt að fá gestafyrirlesara t.d. hjúkrunarfræðing til þess að ræða um kynsjúkdóma, svo væri hægt að fá nemendur til þess að útbúa einhverskonar fræðslufni t.d. bækling, myndbönd eða hlaðvörp o.fl.

Sambönd

Í þessu þema verður fjallað um sambönd með hliðsjón af því hvernig umræða og birtingarmyndir um sambönd eru í bókunum tveimur. Öll sem það vilja eiga skilið að vera í öruggu og heilbrigðu sambandi. En hvernig veit maður fyrir víst hvort sambandið sem maður er í sé heilbrigt eða ekki? Þetta er spurning sem allir þurfa að velta fyrir sér og því er gott að skoða þetta þema nánar. Í bókunum má finna ágætis kveikjur að umræðu um sambönd, bæði heilbrigð og óheilbrigð.

Lykilhugtök: sambönd, ástarsambönd, vinasambönd, losti, heilbrigð sambönd, óheilbrigð sambönd.

Kemur fyrir í eftirfarandi köflum:

KynVera: 10, 11, 12, 14.

Daði: 7, 12, 13, 15, 16, 18.

Viðbótar fræðslufni:

Heilsuvera - Heilbrigð sambönd: <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/lidan/samskipti-og-tengsl/heilbrigd-samboend/>

Sjúkást - Óheilbrigð sambönd: <https://sjukast.is/oheilbrigd-sambond/oheilbrigd-sambond/>

Hugmyndir að verkefna útfærslum:



Hugmyndir að umræðuspurningum:



Ástin:

- Hvað er ástarsamband?
- Hvernig spyr maður einhvern að vera í sambandi með sér?
- Er hægt að vera í sambandi án ástar og kynlífs?
- Er hægt að vera ástfanginn og í ástarsorg á sama tíma?
- Geta vinasambönd verið á gráu svæði?
- Hver er munurinn á ást og losta?
- Er ástarsorg bara andleg?
- Er hægt að vera í sambandi án þess að það sé kynlíf?

Heilbrigði

- Hvað er heilbrigt samband?
- Hvað er óheilbrigt samband?
- Þegar maður er í sambandi getur maður þá ekki verið með vinum sínum?
- Getur samband sem áður var heilbrigt orðið óheilbrigt með tímanum og þá hvernig?

Fyrirverandi

- Getur maður hafið nýtt samband án þess að vera búinn að komast yfir fyrirverandi?
- Er réttlátt að bera núverandi saman við fyrirverandi?

Allskonar

- Sambönd geta verið allskonar. Hvað er átt við með þessari fullyrðingu?
- Að hittast og vera saman hefur mismunandi þýðingu. Hvernig þá?
- Ef að stelpa hefur verið sambandi með strák og þau hætta saman, getur hún þá verið með stelpu í næsta sambandi?
- Hvað er „rebound“?

Sambandskortið



Markmið með verkefninu er að nemendur eiga að gera hugarkort þar sem persónur bókanna koma fram ásamt sambandinu á milli þeirra.

Nemendum er skipt í nokkra 2-3 manna hópa.

Nemendur eiga búa til persónukort (e. character map) eða hugarkort þar sem persónur bókanna *KynVeru* og *Daða* koma fram ásamt upplýsingum um samböndin þar á milli.

Á kortinu á að koma fram:

- Hvernig persónur þekkjast eða tengjast og einkenni sambandsins á milli þeirra
 - Eru þetta vinkonur?
 - Eru þetta vinir?
 - Eru þetta aðeins meira en bara vinir?
- Er þetta heilbriggt samband eða óheilbriggt?
 - Hvernig þá?
 - Hvernig lýsir það sér?
- Er þetta ástarsamband?
 - Eða kannski samband sem byggir á losta?

Nemendum er frjálst að útfæra kortið sitt á hvaða hátt sem er, hvort sem það er á blaði eða í tölvu. Nemendur eru hvattir að skreyta kortið sitt að vild og endilega teikna myndir eða finna myndir af netinu af persónunum í bókinni.

Heilbrigð og óheilbrigð sambönd



Markmiðið með verkefninu er að nemendur skrifi 400-500 orða texta þar sem þau fjalla um heilbrigð og óheilbrigð sambönd og tengja umfjöllunina við persónur bókanna. Hægt er að nota myndbönd úr [Herferð hjá Sjúkást](#) sem kveikju fyrir verkefnið.

A) Heilbrigð sambönd (200-250 orð)

Hvernig myndir þú lýsa heilbrigðu sambandi, hvað er einkennandi fyrir slíkt samband og hvernig birtist slíkt í bókunum? Nefndu t.d. 10 eða fleiri þætti (t.d. stuðningur, hvatning...) sem þér finnst mikilvægir í sambandi.

B) Óheilbrigð sambönd (200-250 orð)

Hvernig myndir þú lýsa óheilbrigðu sambandi, hvað er einkennandi fyrir slíkt samband og hvernig birtist slíkt í bókunum? Nefndu 10 eða fleiri þætti (t.d. afbrýðisemi, hótun) sem þér finnst skemma í samböndum og fólk ætti ekki að horfa fram hjá.

Hugmyndir að áframhaldandi vinnu:

Hægt væri að samtvinna þetta þema við önnur þemu t.d. *Kynlíf eða Mörk*.

Hugmyndir að frekari verkefnum:

Hægt væri að nota spurningakistu, fræðslumyndbönd eða vera með málstofur.

Heimildaskrá

Birgitta Elín Hassell. (2011). *Unglingabækur í kennslu - vannýttar bjargir?* [Meistararitgerð].

Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/8892>

Brynhildur Þórarinsdóttir. (2007). Er unglingurinn útdauður? Í Gunnar Þór Jóhannesson

(ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 691-701). Félagsvísindastofnun

Háskóla Íslands.

https://uni.hi.is/baldurt/files/2012/10/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k_2007.pdf

Brynhildur Þórarinsdóttir. (2006). Bókaormafraeði - um barnabókmenntir í grunnskólum.

Skíma: Mál gagn móðurmálskennara 29(2), 38-43.

<http://gamli.ki.is/modurmal/images/faggreinafelog/modurmal/Eldriskimur/skima2006-21.pdf>

Brynhildur Þórarinsdóttir. (2015). Sísí fríkar út: Nokkrir dropar í bakkafulla læsislækinn.

Tímarit Máls og menningar, 76(4), 18-31.

<https://timarit.is/page/7079596?iabr=on#page/n17/mode/1up>

Dagný Kristjánsdóttir. (2005). „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn“. Í Brynhildur

Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Í Guðrúnarhúsi* (bls. 9–32).

Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell.

Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann

Jónsson. (2018). Bókmenntir og bókmenntakennsla. Í Kristján Jóhannsson og

Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls.

94-96). Háskólaútgáfan.

- Kirby, D. B., Laris, B. A. og Rolleri, L. A. (2007). Sex and HIV education programs: their impact on sexual behaviors of young people throughout the world. *Journal of Adolescent Health* 40(3), 206-217. <https://doi.org/10.1016/j.jadohealth.2006.11.143>
- Corrigan, E. (2005). The "out" crowd: resisting the stereotypes of high School and teen culture. *Human Architecture: Journal of the Sociology of Self-Knowledge*, 3(1), 141-152. <https://www.proquest.com/scholarly-journals/out-crowd-resisting-stereotypes-high-school-teen/docview/210137783/se-2>
- Forlagið. (e.d.) Fávitar. <https://www.forlagid.is/vara/favitar/>
- Gilbert, J. (2004). Literature as sex education. *Changing English* 11(2), 233-241. <https://doi.org/10.1080/09540250042000252677>
- Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluáferðanna*. IÐNÚ
- Júlía Margrét Einarsdóttir og Egill Helgason. (2019, 21. desember). *Byggir á algengum spurningum úr kynfræðslu*. RÚV. <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/byggir-a-algengum-spurningum-ur-kynfraedslu>
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Þórður Kristinsson Einarsdóttir og Þorgerður J. Einarsdóttir. (2019). Kynlífsmenning framhaldsskólanema frá sjónarhorni ungra karla. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2019.9>
- Kristján Jóhann Jónsson. (2016). Lífið og dauðinn og önnur viðfangsefni bókmenntakennslu. *Tímarit Máls og menningar* 77(4): 65-78.
- Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir nr. 25/1975.
- Mankiw, S., og Strasser J. (2013). Tender topics: Exploring sensitive issues with pre-K through first grade children through read-alouds. *Young Children*, 68(1), 84-89.

<https://www.proquest.com/scholarly-journals/tender-topics-exploring-sensitive-issues-with-pre/docview/1373090520/se-2>

Margrét Tryggvadóttir. (2006). Íslenskar barnabækur eftir 1970. Í Guðmundur Andri

Thorsson (ritstjóri), *Íslensk bókmenntasaga V* (bls. 313–371). Mál og menning.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*

2011: Greinasvið 2013.

Grenby, M.O. og Reynolds, K. (2011). *Children's Literature Studies: A research handbook.*

Palgrave Macmillian.

Reykjavíkurborg. (e.d.-a) *Jafnréttisskólinn*. <https://reykjavik.is/jafnrettisskolinn>

Reykjavíkurborg. (e.d.-b). *Vika6*. <https://reykjavik.is/vika6>

Savage, J. (2007). *Teenage*. Penguin Group

Sigga Dögg. (2019). *Daði*. Kúrbítur slf.

Sigga Dögg. (2018). *KynVera*. Kúrbítur slf.

Sigrún Birna Björnsdóttir. (2021, 2. september). *Kynfræðsla verði skyldufag*.

<https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/frettir/2021/kynfraedsla-verdi-skyldufag/>

Sjúkást. (e.d.). Áhrif kláms. <https://sjukast.is/klam/ahrif-klams/>

Smith, C. (2002). Exploring the history and controversy of young adult literature, *New Review*

of Children's Literature and Librarianship, 8(1), 1-11,

<https://doi.org/10.1080/13614540209510656>

- Sóley S. Bender og Álfheiður Freyja Friðbjarnardóttir. (2015). Árangur af kynfræðslunámsefninu kynveruleiki í ljósi kynheilbrigðis. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 91(1), 46-53. <https://www.hjukrun.is/library/Timarit---Skrar/Timarit/Timarit-2015/1-tbl-2015/Arangur%20af%20kynfraedslunamsefni.pdf>
- Þórður Kristinsson og Björk Þorgeirsdóttir. (2021). Kynlífsmenning, kynfrelsi og kynbundið ofbeldi. *Kynjafræði fyrir byrjendur* (bls. 175). Forlagið. <https://kynjafraedi.vefbok.forlagid.is/?id=175>
- Þuríður J. Jóhannsdóttir. (1992). Úr búrinu í meiri gauragang. *Tímarit máls og menningar* 53(1), 3-19.
- Þuríður J. Jóhannsdóttir. (1995). Mýtan um bókaþjóðina og unglingsbókmenntir á Íslandi. *Skíma: Mál gagn móðurmálskennara* 18(1), 24-27.